

# Starfsáætlun

## skólaárið 2018 - 2019



Leikskólinn Vinaminni  
Asparfelli 10-12  
111 Reykjavík



Leikurinn á vísdom veit

**Efnisyfirlit**

|          |                                                                                     |           |
|----------|-------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>1</b> | <b>Inngangur .....</b>                                                              | <b>2</b>  |
| <b>2</b> | <b>Starfsáætlun leikskóla .....</b>                                                 | <b>2</b>  |
| <b>3</b> | <b>Skólastarfið síðastliðið leikskólaár 2017-2018.....</b>                          | <b>2</b>  |
| <b>4</b> | <b>Matsaðferðir innra mats leikskólans.....</b>                                     | <b>3</b>  |
| <b>5</b> | <b>Mat á starfi leikskólans Vinaminnis skólaárið 2017-2018 og umbótaáætlun ....</b> | <b>4</b>  |
| 5.1      | Innra mat leikskólans vorið 2018 .....                                              | 4         |
| 5.2      | Ytra mat.....                                                                       | 20        |
| 5.3      | Umbótaáætlun út frá niðurstöðum innra og ytra mats .....                            | 20        |
| 5.4      | Áætlun um mat á skólastarfinu 2018-2019 .....                                       | 20        |
| <b>6</b> | <b>Faglegar áherslur í starfi leikskólans .....</b>                                 | <b>21</b> |
| 6.1      | Áherslur í leikskólastarfinu fyrir næsta skólaár.....                               | 21        |
| <b>7</b> | <b>Starfsmannamál/starfsþróun í leikskólanum .....</b>                              | <b>30</b> |
| 7.1      | Starfsmannamál.....                                                                 | 30        |
| 7.2      | Starfsmannasamtöl.....                                                              | 30        |
| 7.3      | Starfsþróunaráætlun .....                                                           | 30        |
| <b>8</b> | <b>Aðrar upplýsingar .....</b>                                                      | <b>32</b> |
| 8.1      | Barnahópurinn .....                                                                 | 32        |
| 8.2      | Foreldrasamvinna.....                                                               | 32        |
| 8.3      | Samstarf leik- og grunnskóla .....                                                  | 34        |
| 8.4      | Almennar upplýsingar.....                                                           | 34        |
| <b>9</b> | <b>Lokaorð .....</b>                                                                | <b>35</b> |

## 1 Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er hverjum leikskóla skylt að starfa samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla*. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Námskrá leikskólans Vinaminnis mótast af þeim áherslum sem lagðar eru í aðalnámskrá leikskóla, af stefnu leikskólans og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hér er átt við ytri aðstæður og umhverfi leikskólans, þann faglega og persónulega bakgrunn sem mótar viðhorf leikskólakennaranna og starf.

Í starfsáætluninni kemur fram endurmat á leikskólastarfinu í leikskólanum Vinaminni skólaárið 2017-2018. Í starfsáætluninni skólaárið 2017-2018 koma fram markmið, leiðir og áherslur í starfinu með börnunum. Við lítum svo á að leikskólastarfið í Vinaminni sé í stöðugri þróun og er ætíð bryddað upp á ýmsum nýjungum. Margt í starfi okkar hefur reynst mjög vel. Má þar helst nefna valkerfið okkar, hópastarfið, vísdomsstundirnar, veðurfræðinginn, könnunarleikinn með yngstu börnunum og margt fleira. Þá koma fram áherslur í starfsmannamálum, barnafjöldi og upplýsingar um foreldrasamstarf.

Nánari útfærslu á starfsemi leikskólans er að finna í skólanámskrá Vinaminnis eða á heimasíðu skólans [www.vinaminni.is](http://www.vinaminni.is) undir *Skólanámskrá 2017*.

## 2 Starfsáætlun leikskóla

Hverjum leikskóla sem nýtur styrkja frá borginni er skylt að skila inn til Reykjavíkurborgar starfsáætlun fyrir komandi leikskólaár eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Starfsáætlun leikskólans á að segja til um þær áherslur sem starfsmenn leikskólans leggja upp með í starfinu með börnunum á hverju leikskólaári fyrir sig. Starfsáætlunin á að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki og foreldrum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

## 3 Skólastarfið síðastliðið leikskólaár 2017-2018

Skólastarfið skólaárið 2017-2018 í leikskólanum Vinaminni gekk að mestu mjög vel þegar á heildina er litið. Haustið einkenndist af aðlögun bæði milli deilda og svo á Álfasteini en þar komu nánast öll börnin ný inn. Börnin í Vinaminni hafa unað glöð við leik og störf í leikskólanum sínum síðastliðið skólaár. Í foreldraviðtölum lýstu foreldrar yfir ánægju sinni með dvöl barnsins/barnanna í leikskólanum, þeir töluðu um hvað börnunum liði vel og að þau væru ánægð í skólanum. Foreldrar fara þá sáttir og glaðir til vinnu sinnar sem síðan smitar út frá sér þar.

Gaman er að segja frá því að starfsmannahald var með eindæmum gott síðastliðið skólaár þar sem starfsgleði og ánægja skein frá hverjum starfsmanni. Veikindi voru með minnsta móti hjá starfsmönnum þar af leiðandi var starfið með börnunum gróskumikið og skemmtilegt. Mikið var unnið með „læsi í leik“ í öllum leikskólanum. Starfsmenn voru vakandi yfir því að tala mikið við yngstu börnin og hafa orð á hlutum og athöfnum. Söngurinn og sögulestur voru allsráðandi og mikið spáð í hvernig við nýtum sögur og lestur bóka til að efla málskilning barnanna. Þegar skólastarfið síðastliðið skólaár var endurmetið að vori voru starfsmenn sammála um að starfið með börnunum næsta skólaár verði með sama hætti og síðastliðið skólaár að sjálfsögðu með þeim umbótum sem þurfa þykir.

## 4 Matsaðferðir innra mats leikskólans

**Símat.** Í leikskólanum Vinaminni fer fram svokallað símat á starfinu með börnunum. Símatið fer fram á starfsmanna-, deildar- og leikskólakennarafundum yfir allt skólaárið og í kjölfarið er gerð umbótaáætlun sem starfsfólk vinnur eftir. Símatinu er alltaf gefið ákveðið rými á þessum fundum og tekið er fyrir það sem hæst ber hverju sinni. Símatið er nauðsynlegt til að samræma starfið í öllum leikskólanum. Mikilvægt er að starfsfólk vinni saman með börnunum að markmiðum leikskólans og líti þannig á leikskólann sem eina heild, þetta er leikskólinn okkar og við vinnum öll að velferð og menntun allra barnanna í skólanum. Allt starfsfólk leikskólans tekur þátt í endurmati að vori þar sem skoðað er hvernig vetrarstarfið í heild sinni gekk. Má þar helst nefna: vísdómsstundir, hópastarf, valið, valsvæðin, könnunarleikinn, myndlistarstarf, útiveru, vettvangsferðir og fleira. Viðhorf foreldra til starfsins fæst í foreldraviðtölum. Nýir foreldrar koma í viðtal til leikskólastjóra áður en barnið byrjar í leikskólanum þar sem farið er yfir markmið skólastarfsins og leiðir, hvernig aðlögun barnsins í leikskólanum fer fram o.s.frv. Foreldrar fá síðan senda í tölvupósti skólanámskrá leikskólans og eru þeir beðnir að lesa hana yfir með það í huga hvað það er sem þeir vilja fá út úr leikskólagöngunni fyrir sitt barn. Foreldrarnir ræða síðan saman um efni skólanámskrárinnar og senda á leikskólastjóra punkta um það hvernig þeim leist á hana og einnig eru foreldrar beðnir um að koma með punkta ef eitthvað vantar eða mætti vera öðruvísi. Þarna fá foreldrar tækifæri til að leggja fram tillögur um áherslur í starfi leikskóla barnsins.

**Í hópastarfinu fara fram skráningar.** Þar kemur fram hvað var gert í hópastarfinu hvernig börnin tóku þátt, hvernig börnunum gekk að vinna saman, hjálpast að, ræða saman, taka tillit hvert til annars o.s.frv. Einnig er tekið mikið af ljósmyndum í öllu starfinu í skólanum og má segja að þar fari fram ákveðin skráning.

**Hljóm 2.** Hljóm 2 er mælikvarði til að athuga hljóð og málvitund leikskólabarna. Hljóm 2 er lagt fyrir fimm ára gömlu börnin einu sinni til tvisvar á ári. Niðurstöður athugunarinnar eru síðan notaðar í vinnu með börnunum eftir því sem þörf krefur.

### EFI-2

EFI-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Með EFI-2 er verið að leita að börnum með hugsanlega málörðugleika sem hægt er að bæta úr með snemmtækri íhlutun.

**Tras** er skimunarlisti til að kanna hvar börn á aldrinum 2ja til 5 ára standa í málþroska. Snemmtæk íhlutun er mikilvægur þáttur í málþroska barna og er Tras auðvelt og gott í notkun til að kanna hvar hvert og eitt barn stendur. Leikskólakennarar eiga því auðvelt með að grípa til viðeigandi ráðstafana þegar þurfa þykir.

**Óformlegt mat.** Í Vinaminni er óformlegt mat fastur liður í daglegu starfi og samskiptum starfsfólks. Starfsfólk ræðir um börnin og hina ýmsu þætti daglegs lífs í leikskólanum eins og hvað er gott, hvað mætti betur fara, hvernig á að bregðast við óæskilegu hegðunarmynstri barna o.s.frv. Þarna fara oft fram mikilvægar umræður og teknar eru ákvarðanir til að leysa hin ýmsu mál.

## 5 Mat á starfi leikskólans Vinaminnis skólaárið 2017-2018 og umbótaáætlun

### 5.1 Innra mat leikskólans vorið 2018

Í samantekt á endurmati leikskólastarfsins síðastliðið skólaár þ.e. 2017-2018 var allt starfsfólk sammála um að starfið með börnunum hefði verið ótrúlega gott og notalegt og má þar helst nefna hvað starfsmenn skólans voru einstaklega góður hópur, jákvæðir og áhugasamir og hvað öllum fannst gaman í vinnunni. Starfsandinn í skólanum var dásamlegur sem smitaði góðri líðan beint til barnanna og annarra starfsmanna. Það er áhugavert að skoða hvað jákvæðir starfsmenn hafa gríðarlega mikil áhrif á líðan samstarfsfólksins og barnanna í skólanum. Þær umræður sem hafðar eru í hávegum í sambandi við skólastarf leikskólabarna er að það skipti svo miklu máli að hafa helst sama fólkið árum saman í starfsmannahaldi leikskóla. Að sjálfsögðu skiptir viss festa í starfsmannahaldinu miklu máli en það skiptir miklu máli að fólk sem er búíð að vera lengi í starfi og smitar leiða út frá sér hætti störfum og finni sér aðrar leiðir í lífinu. Ungt, ferskt og áhugasamt starfsfólk sem kemur til starfa og er tilbúið að læra er góð viðbót við flotta fagaðila skólans þó svo að þessi frábæru ungmenni séu ekki nema eitt skólaár í starfi.

Börnin undu glöð og kát í leikskólanum og í foreldraviðtölum að vori töluðu foreldrar um að börnin væru ánægð og þeir sáu miklar framfarir í þroska barna sinna. Starfsmenn töluðu um að verkefnavalið á deildunum hefði hentað aldri barnanna á hverri deild fyrir sig. Börnin tóku virkan þátt í leik og starfi og voru börnin örugg, glöð og áhugasöm í skólanum. Starfsmönnum gekk vel að skapa rólegheit í skólastarfinu og vera fyrirmyndir barnanna í þeim efnum. Starfsfólk á Töfrasteini tók alvarlega á hávaðanum á deildinni en fyrst og fremst talaði starfsfólk í lægri tón í samtölum við börnin. Þegar gefin voru förmæli, eins og t.d. þegar starfsmenn voru að biðja börnin að taka saman dótið, þá fengu þau að vita það með fimm mínútna fyrirvara. Starfsmenn gengu þá til barnanna og sögðu þeim í lágum hljóðum förmælin og stilltu tímaklukku á fimm mínútur. Þegar klukkan hringdi byrjuðu börnin að taka saman. Einnig vísuðu börnin á Töfrasteini hvert öðru á hljóðeyrað góða sem er til staðar þar og mælir hávaðann. Mikil áhersla var lögð á að sinna einstaklingnum vel og koma til móts við þarfir og langanir hvers barns fyrir sig.

Félagsfærni barnanna er mikilvægur þáttur í starfi skólans, starfsmenn eru duglegir að sinna félagslegum þörfum barnanna og sjá til þess að öll börnin hafi leikfélaga. Málrækt gengur eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. LÆM „læsi allra mál“ er samstarfsverkefni leik- og grunnskólanna í Breiðholtinu en Þjónustumiðstöð Breiðholts heldur utan um verkefnið og í því starfi fer fram mikilvægt og uppbyggilegt starf. Mikið er lesið fyrir börnin, sungið með þeim, börnin fara á bókasafnið eða í leskrókana sem eru á hverri deild og að sjálfsögðu er lögð áhersla á að hlusta á börnin af athygli og hvetja þau til að segja frá. Börnin hafa sýnt miklar framfarir í leik og starfi í leikskólanum enda endurmetið reglulega hvaða viðfangsefni henti þeim, þroska þeirra og getu og síðan eru gerðar umbætur í samræmi við það endurmat.

- **Vísdomsstundir – Leiklist**

Vísdomsstundir gengu mjög vel og voru börnin ánægð. Í upphafi vetrar var vináttan tekin fyrir, hvernig eru góðir vinir, hvernig hjálpum við vinum okkar sem er strítt og þeim líður illa, hvernig hjálpar góður vinur okkur ef okkur er strítt o.s.frv. Einnig var mikið unnið með talnaskilning og bókstafina. Börnin merktu verkin sín sjálf með nafninu sínu. Þau voru áhugasöm og vildu síðan skrifa nöfn hvert annars og margt annað. Í leikskólanum eru heiti hluta rituð á miða og þeir hengdir upp þar sem við á. Til dæmis ef það hangir klukka á vegg þá stendur „klukka“ undir henni, hilla, þá stendur

„hilla“ o.s.frv. Þá geta börnin sem hafa áhuga á rituðu máli nýtt sér þessi orð og lært hvernig þau eru skrifuð. Í upphafi hverrar stundar er umræða um hin ýmsu málefni sem liggur börnunum á hjarta. Þá skrifar leikskólakennarinn eina setningu frá hverju barni á flettistöflu. Þegar allir hafa tjáð sig og allir eiga setningu í textanum er textinn lesinn sameiginlega yfir og geymdur til næstu stundar. Í næstu stund er textinn lesinn aftur yfir og rifjað upp hvað var gert í síðustu stund. Leikið var með textann á ýmsa lund t.d. drógu börnin orð úr orðabunka og áttu þau síðan að finna eins orð í textanum. Að sjálfsgöðu sá kennarinn um að aðeins væri hægt að draga orð sem voru í textanum þeirra. Þessi leikur með orð og texta, hjálpar þeim að læra stafina og eflir lesskilning og hljóðkerfisvitund. Ýmis spil og talnaþrautir voru einnig í boði fyrir börnin en Vinaminni er mjög ríkt af stafakubbum, spilum og öðru sem tengist talnaskilningi, hugtakaskilningi og hljóðkerfisvitund barnanna. Leikskólinn á ljósaborð en á því rannsökuðu börnin ýmsa hluti t.d. skoðuðu þau laufblöð, röðuðu stöfum og formkubbum, notuðu efnisbúta, myndir og margt fleira. Börnin geta sjálf skipt um liti í borðinu en þá breytist svipur rannsóknarefnisins.

Síðastliðið skólaár voru 11 börn í Vísdomsstundum og vegna þess hve þau voru misjafnlega á vegi stödd var unnið mikið með tilfinningafærni. Unnið var með gleði, leiða, einmanaleika og reiði. Börnunum var kennt að draga sig í hlé þegar þau urðu reið allt í einu og jafna sig í friði í stað þess að láta hendur skipta. Unnið verður með tilfinningarnar næsta skólaár. Það er gott fyrir alla að læra að hafa stjórn á skapi sínu og þekkja sjálfan sig og tilfinningar sínar og geta ráðið við þær.

Unnið var með leiklist eins og undanfarin ár. Börnin sömdu sitt eigið ævintýri og myndskreyttu söguna. Þau létu heimspekilegar vangaveltur sínar óspart í ljós, unnu eftir sínum hugmyndum og hjálpuðust að við að finna lausnir. Ef ágreiningur kom upp í barnahópnum var efnt til kosninga og meirihlutinn réð, sem allir voru sáttir við. Börnin ákváðu að setja söguna á svið, þau völdu sér hlutverk, sniðu og saumuðu leikbúninga og gerðu leikmynd. Þetta var mikil vinna sem stóð alla vorönnina. Þegar æfingar hófust var mikil eftirvænting í barnahópnum þau þurftu að við að sér fylgihlutum ýmiss konar til að gera leikritið tilkomumeira eða búa þá hreinlega til sjálf. Þetta hafðist allt með samvinnu barnanna og góðum stuðningi leikskólakennaranna. Nú var fátt annað eftir en að sýna afrakstur þessarar miklu, skemmtilegu og lærdómsríku vinnu barnanna.

Föstudaginn 1. júní gistu börnin í leikskólanum. Áður en gengið var til náða var leikmyndin sett upp og síðasta æfingin fór fram. Mikil gleði ríkti í barnahópnum, tilhlökkun og eftirvænting því morguninn eftir, laugardaginn 2. júní var vísdomsstundunum slitið. Foreldrar, afar, ömmur og systkini barnanna mættu kl. 10:00 í leikskólann og horfðu á börnin sýna leikritið. Síðan voru formleg vísdomsstundaslit þar sem börnin fengu afhent eintak af sögunni „Ævintýraskógur“ sem er eftir þau sjálf, viðurkenningarskjal fyrir þátttöku í vísdomsstundum skólaárið 2017-2018 og fallega sumarlega rós í barminn. Börnin buðu foreldrum sínum upp á veitingar í leikskólanum í tilefni þessara merku tímamóta í lífi þeirra „fyrstu útskriftarinnar“. Börn og foreldrar voru mjög ánægð með þennan viðburð og voru foreldrar sammála um að þetta hafi verið afskaplega skemmtileg og notaleg stund þar sem allir fengu að njóta sín.

# Leikskólinn Vinaminni

Úr Vísðómsstundum skólaárið 2017-2018



- **Tölvur**

Tölvuvinna barnanna á Töfrasteini fór fram í vísdomsstundum. Þegar þurfti að afla nánari fróðleiks og gagna um málefni líðandi stundar sóttu börnin og leikskólakennarinn viðeigandi efni á internetið.

- **Hópastarf**

Í hópastarfinu á Töfrasteini unnu fjögurra ára gömlu börnin með könnunaraðferðina að ákveðnu þema. Börnin voru áhugasöm og hlökkðu alltaf til að fara í hópastarfið en þau unnu út frá hugmyndavef. Þetta var skemmtileg vinna fyrir börnin sem fór fram á þeirra forsendum. Börnin völdu að vinna með kisur þau ræddu um kisur og síðan fóru þau að afla sér frekari fróðleiks um kisur. Börnin í þessum hópi unnu skemmtileg verkefni í tengslum við þetta þema. Þriggja ára gömul börn á Töfrasteini unnu með líkamann og fjölskylduna. Þau ræddu um tilgang handa, fóta og skilningarvitanna og skoðuðu augun hvert hjá öðru. Rætt var um fjölskylduna og hverjir eru í nærfjölskyldu (mamma, pabbi, börn). Eftir áramótin var unnið mikið með tilfinningar með börnunum og þeim kennt að gera sér grein fyrir tilfinningum sínum eins og reiði, gleði, depurð, einmanaleiki o.s.frv. Þá var skoðað hvernig við getum fundið lausnir til að vinna úr neikvæðum tilfinningum. Hvað getum við gert? Mikið var spilað í hópastarfinu af hinum ýmsu spilum, börnin unnu líka í frásögn og sögugerð.



Úr hópastarfi

- **Hópavinna – Stöðvavinna**

Hópavinna var á Dvergasteini og Völusteini.

Hópavinna er þegar börnunum er skipt í litla hópa og hver starfsmaður vinnur með sinn barnahóp. Ekki er lagt upp með neitt ákveðið verkefni heldur ákveður hver barnahópur og starfsmaður saman hvað á að gera hverju sinni. Til dæmis fer einn hópur í vettvangsferð, annar fer í smíðjuna að vinna í myndlist, sá þriðji fer í hreyfistund eða leik á deildinni, á bókasafnið eða það sem hugmyndaflugið hefur upp á að bjóða. Í stöðvavinnu er unnið á svipaðan hátt en þá eru settar upp stöðvar þar sem unnið er með skilningarvitin, fyrirmælaleiki, samstæðuspil, málörvun, kubbaleiki, smíðju, finhreyfingar, hreyfingu o.s.frv. Ýmist fylgja starfsmenn sínum hópi eða hver starfsmaður er á sinni leikstöð og börnin færast á milli stöðva.

- **Alstund**

Alstund er í upphafi dags á Völusteini og Töfrasteini og öll börnin á hvorri deild fyrir sig sitja saman og fá upplýsingar um það sem hægt er að gera yfir daginn, hvort eitthvað sérstakt sé á dagskránni, hverjir séu mættir á deildina og hverjir ekki. Myndrænt dagskipulag er hengt upp með börnunum í alstundinni.

### **Valið – flæði**

Valið gekk vel á Töfrasteini, börnin voru ánægð og þurftu ekki að hugsa sig lengi um hvað þau vildu gera. Komið var á flæði milli valsvæðanna þannig að börnin gátu skipt um leiksvæði eftir því sem þau vildu. Þau þurftu samt að standa við sitt val og vera kyrr ákveðinn tíma á því svæði sem þau völdu sér fyrst.

Á Völusteini fengu börnin að velja sér viðfangsefni og svæði á ákveðnum dögum og gekk það mjög vel. Eftir áramótin var sett á flæði á föstudagsmorgnum í leikskólanum, en þá er foreldrum boðið að borða morgunverð með börnunum og gátu börnin farið í flæðið um leið og þau höfðu lokið morgunverðinum. Börnin gátu þá farið á það svæði eða deild sem þau vildu. Stundum vildu þau fara á deildina hjá litla systkini sínu og þá vilja vinirnir oft fara með að leika sér þar. Þegar flæðinu lýkur um kl. 10:45 er þessu góða samstarfi allra í leikskólanum lokið með því að hittast í skólastofunni og sungin eru 2-3 lög saman. Þetta var prófað nokkrum sinnum og gaf góða raun.

Á degi leikskólans, bangsadeiginum, á bleika deginum o.s.frv. er flæði í öllum leikskólanum sem gekk mjög vel síðastliðið skólaár. Starfsmönnum fannst mjög gaman að vera með slíka tilbreytingu í starfinu svo ekki sé minnst á gleði barnanna.

- **Valsvæðin á Töfrasteini, Völusteini og Dvergasteini**

Einbeitingarviðfangsefnin á Töfrasteini gengu vel og voru börnin mjög upptekin af að teikna, leira, perla og púsla. Börnin völdu sér mjög oft að leika með einingakubba enda var leikurinn með þá orðinn þróaður. Fjölskylduleikurinn var vinsæll eins og alltaf og aðrir leikir eins og leikur með kubba af ýmsum gerðum, dýr og bíla. Leikir úti og vinna í smíðju fékk mikið rými í starfinu.

Á Völusteini gekk starfið vel á valsvæðunum. Einbeitingarviðfangsefnin voru vinsæl hjá börnunum þau voru dugleg að púsla, leira, lita, þræða og vinna aðra vinnu við borð. Einnig kom fjölskylduleikurinn sterkur inn, kubbaleikir, hreyfistundir, útiveran og bókasafnið. Vinna barnanna í smíðjunni var mikil og skemmtileg en það var eitt af markmiðum síðasta skólaárs að efla starfið þar og tókst það vel. Alltaf var fullorðinn með börnunum á leiksvæðunum og tók þátt í leik barnanna og var til staðar fyrir þau.



Vinir að leika saman.

- **Leikur á Álfasteini og Dvergasteini**

Starfið á Álfasteini gekk mjög vel síðastliðið skólaár. Á Álfasteini var aðlögun langt fram eftir hausti. Ákveðið var að vera með gömlu góðu aðlögunina þar sem ákveðinn starfsmaður fylgir barninu í aðlöguninni. Barnið kemur fyrsta daginn í heimsókn í eina klukkustund og síðan lengist dvöl barnsins í leikskólanum smám saman eða eftir því hvað barnið þolir. Þessi aðlögun hefur ekki brugðist hingað til svo engin ástæða er til breytinga. Rannsóknarvinna með verðlaust efni átti stóran sess í starfinu meðan börnin voru í aðlögun og bar það góðan árangur. Síðan bættust jafnt og þétt í starfið annars konar viðfangsefni eins og kubbaleikir, leikir með dúkkur og bíla, einbeitingar-

viðfangsefni, smíðja og útiveran. Það var mikið sungið og lesið á Álfasteini og málörvun í fullum gangi allan veturinn.

Eftir áramótin fóru starfsmenn að vinna í hópum með börnunum. Einn hópurinn fór t.d. í smíðju, annar í útiveru, sá þriðji í kubba, dúkkur, bíla og bolta og fjórði að lita, leira, púsla, pinna, perla o.s.frv. Róteruðu hóparnir svo milli svæðanna.

Á Dvergasteini gekk starfið vel. Börnunum leið öllum vel í leikskólanum, þau lærðu að skiptast á með leikföngin, lána og fá lánað, auk þess sem stundum þarf að bíða eftir leikfanginu sem mann langar svoöð mikið til að leika sér með. Það var mikið talað við þau og haft orð á hlutum og athöfnum. Starfsmenn voru samt sammála um að það hefði mátt lesa meira fyrir börnin síðastliðið skólaár. Einnig hefði mátt hafa meiri fjölbreytileika í starfinu. Nauðsynlegt er að veita börnunum þannig verkefni að þau þurfi að teygja sig aðeins í viðfangsefnin, þannig lengist einbeitingarþráður þeirra og forvitni og fróðleiksfýsn eykst.



Söngur og hljóðfæri

- **Bú – fjölskylduleikurinn**

Fjölskylduleikurinn er alltaf jafn vinsæll hjá börnum og fær mikið rými í starfinu. Í fjölskylduleiknum eða hlutverkaleiknum eins og hann er oft kallaður tekur leikurinn oftast á sig mynd upplifana og reynslu barnanna.



Búleikurinn, kaffiboð og samvinna barnanna.



Búleikurinn á Töfrasteini, kominn á annað stig.

- **Búð – verslun**

Verslunin er vinsæl í fjöldkylduleiknum í búinu á Töfrasteini. Þá er eitt barn í einu í versluninni og afgreiðir vörurnar sem keyptar eru fyrir heimilið. Börnin geta safnað tómum ílátum undan hinum ýmsu vörum heima og sett í verslunina. Þetta vekur mikla lukku meðal barnanna og vinsælt er að vera í afgreiðslunni í versluninni með peningakassann, þau afgreiða viðskiptavinina með vörunum sem þau kaupa og taka á móti peningum í staðinn. Þá er kallað „Opin búð, klukkan þrjú“.

- **Útivera**

Starfið úti með börnunum gekk mjög vel í vetur. Börnin á Töfrasteini fóru oft út fyrir garðinn fyrir hádegi þegar börnin af yngri deildum skólans voru úti en voru að leik í garðinum ef þau fóru út eftir hádegi þegar yngri börnin voru inni. Öll börnin í skólanum voru mjög dugleg að fara út þegar veður leyfði og tróðu snjóinn og pollana upp að hnjám og nutu útiverunnar. Starfsmenn skólans hafa verið mjög duglegir og hreyfanlegir úti á leikvælinum með börnunum og fannst það gaman. Ekki þurfti að setja upp skipulag fyrir starfsmenn í garðinum, allir voru áhugasamir og fylgdust með öllum garðinum.



- **Veðurfræðingur**

Starf veðurfræðings var á Töfrasteini síðastliðið skólaár. Börnin litu til veðurs og fundu út hvernig þurfti að klæðast í útiverunni. Börnin fundu myndir af þeim fötum sem voru æskileg fyrir veðurfar hvers dags fyrir sig. Myndirnar hengdu þau á töflu sem var síðan farið með í fataklefan svo börnin gætu séð þær meðan þau voru að klæða sig. Störf veðurfræðinganna gerði það að verkum að börnin þurftu ekki alltaf að spyrja, „í hvað á að fara?“ þegar þau klæddu sig í útifötin fyrir útiveruna. Börnin á Töfrasteini voru mjög dugleg að klæða sig sjálf fyrir útiveruna.

- **Smiðjan**

Smiðjan þar sem myndlistarstarfið með börnunum fer fram gekk vel. Starfsmenn geta boðið börnum í litlum hópum af tveimur til þremur deildum í einu að vinna í smiðjunni að hinum ýmsu myndlistarviðfangsefnum. Börnin unnu mikið í smiðjunni þegar það var hópavinna. Smiðjuvinna hjá börnunum á Dvergasteini var með minna móti og stundum færðist myndlistarstarfið inn á Álfastein og Dvergastein. Myndlistarstarfið á Töfrasteini og Völusteini er blómlegt og gróskumikið.



Smiðjuvinna barnanna á Álfasteini.

- **Einingakubbar**

Börnin á Töfrasteini og Völusteini léku mikið með einingakubbana í litlum hópum, þeim finnst mjög gaman að leika með kubbana. Þau notuðu líka verðlaust efni, bíla, litaða kubba, pappahólka og trédýr með einingakubbunum. Þessi leikur var mjög vinsæll hjá flestum börnum og byggingarnar orðnar fjölbreyttar og skemmtilegar. Börnin á Dvergasteini notuðu einingakubbana sáralítið síðastliðið skólaár.



Byggingarstúllinn árið 2018

- **Samverustundir**

Samverustundir gengu vel á öllum deildum leikskólans og var mikið lesið af bókum í öllum skólanum fyrir börnin.

- **Bókasafnið – bækur – lestur bóka – málrækt**

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Með því tjá þeir hugsanir sínar og tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Málþroski er hluti af almennum þroska barnanna og segja má að málörvun gangi eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Með málþroska er átt við málfarslega hæfni, tjáningu og skilning, orðaforða, framburð, setningaskipan og beygingar. Lögð er áhersla á lestur bóka, þulur og söngva og börnin hvött til að tjá sig, tala saman og hlusta á aðra. Enn fremur er lögð áhersla á að tala gott íslenskt mál við börnin.

Börnin hafa mikinn og góðan aðgang að bókasafni leikskólans. Börn af öllum deildum skólans sóttu mikið á bókasafnið í leikskólanum. Einnig eru notalegir bókakrókar á öllum deildum skólans. Þar eru púðar og pullur þar sem börnin geta látið fara vel um sig á meðan þau skoða bækur eða meðan lesið er fyrir þau.



Bókasafnið okkar

- **Söngstundir**

Söngstundirnar eru ómissandi í leikskólastarfinu og voru tvisvar á dag á öllum deildum skólans. Sameiginlegar söngstundir þar sem allar deildir skólans hittust og sungu saman féllu að mestu niður. Áætlað er að vera með sameiginlegar söngstundir næsta skólaár.

og þá munu deildirnar skiptast á að bjóða börnum af öðrum deildum til sín. Gefur þá augaleið að gestgjafarnir sjá um söngstundina.

- **Desember**

Starfið í desember var fjölbreytt og skemmtilegt eins og endranær. Börnin á Töfrasteini, Völusteini og Dvergasteini fóru í Fella- og Hólakirkju á aðventunni. Börnin bökuðu aðventukrans og piparkökur svo piparkökuilminn lagði um allan skólann í desember. Í byrjun mánaðarins var leiksýning í boði foreldrafélagsins í skólanum.

- **Jólaball**

Jólaball var haldið rétt fyrir jólin og var það haldið í Danshöllinni sem er við hliðina á leikskólanum. Foreldrum var boðið að vera með barninu sínu á jólaballinu. Jólaballið var frá kl. 09:00-11:00. Allir nutu veitinga að loknum dansi.

- **Þorablót**

Að venju var þorablót haldið á bóndadag. Börnin gerðu sér víkingahatta sem þau skörtuðu á þorablótinu. Að sjálfsögðu var misjafnt hvað börnin borðuðu af þorramatnum en þorablótið er fastur liður í starfsemi og partur af menningu þjóðarinnar.

- **Bolludagur, sprengidagur, öskudagur**

Börnin borða bollur á bolludaginn. Á sprengidaginn gæða sér allir á saltkjöti og baunasúpu. Öskudagur rennur síðan upp með mikilli tilhlökkun þegar allir, sem vilja, klæðast furðufötum, eru málaðir í framan og kötturinn er sleginn úr tunnunni. Síðan stíga börn og starfsfólk villtan dans meðan kraftar endast. Þessir dagar eru íslenskir menningarviðburðir sem nauðsynlegt er að leyfa börnunum að kynnast og halda við.



Á Öskudeginum 2018.

- **Páskaeggjaleit**

Í vikunni fyrir páska fer fram mikil páskaeggjaleit í leikskólanum. Börnin stór og smá hafa í vikunum á undan búið til fullt, fullt af pappamassaeggjum og málað þau í öllum regnbogans litum. Þann dag sem páskaeggjaleitin fer fram eru eggin falin út um allan skóla. Síðan fara börn af Töfrasteini (4 til 6 ára gömul börn) og hjálpa litlu börnunum á Álfasteini (eins til tveggja ára gömlum börnum) að finna eggin á þeirra deild. Stóru systkinin hjálpa litla bróður, litlu systur eða frændsystkininu að finna og stóri vinur hjálpar litla vini sínum að finna egg. Þegar eggjaleitinni er lokið á Álfasteini afhenda stóru börnin litla vini sínum skrautpáskaegg og litlu börnin fá að velja sér eitt pappamassaegg til að hengja á páskagreinina sína sem þau hafa þegar náð í úti í náttúrunni. Síðan fara „stóru“ börnin inn á sína deild og leita að eggjum fyrir sig. Það er svo merkilegt að felustaðirnir eru miklu erfiðari á eldri deildunum en þeim yngri ☺. Þegar búið er að finna öll eggin (eggin eru talin og ef það vantar egg fara börnin aftur af stað að leita) velja börnin sér egg og fá líka skrautegg til að hengja á páskagrein sem þau fara með heim fyrir páskana.

Á Dvergasteini og Völusteini leituðu börnin að eggjum á sínum deildum og var framkvæmdin eins og á Töfrasteini.

Þetta er skemmtilegur leikur sem eflir vinarþel meðal barnanna og gleði skín úr hverju andliti.

- **Umferðarskólinn**

Starfsmenn umferðarskólans komu í heimsókn í Vinaminni síðastliðið vor. Farið er yfir umferðarreglurnar með börnunum, hvernig á að fara yfir götu, hvar eru örugg leiksvæði, hvað mega börnin vera lengi úti á kvöldin og annað slíkt. Börnin fá verkefni til að fara með heim og vinna með pabba og mömmu.

- **Slökkviliðið í heimsókn**

Slökkviliðið kemur í heimsókn á sjúkrabíl/slökkviliðsbíl á hverju ári. Fimm ára börnin fara út og skoða þennan merkilega bíl. Slökkviliðsmennirnir eru natnir við að sýna börnunum bílinn og segja þeim frá hvernig hann virkar. Þeir fara yfir eldvarnarbúnað leikskólans og biðja elstu börnin að vera aðstoðarmenn sína og fylgjast með brunaboðum, neyðarljósum og útgönguleiðum í leikskólanum.

- **Aðstoðarmaður slökkviliðsins**

Á Töfrasteini skiptast fimm ára börnin á um það hlutverk að vera aðstoðarmenn slökkviliðsins einu sinni í hverjum mánuði. Sú ábyrgð felst í því að börnin klæðast vestum merktum slökkviliðinu, þau ganga um skólann með einum fullorðnum til að skoða brunaboða, brunaljós og flóttaleiðir í leikskólanum. Skráð er niður með aðstoð hins fullorðna hverju er ábótavant t.d. hvort vanti perur í neyðarljós eða rafhlöður í brunaboða. Hinn fullorðni skiptir um þær ljósaperur eða rafhlöður sem þarf með aðstoð barnanna. Þessi vinna vekur börnin til umhugsunar um mikilvægi brunavarna auk þess sem þau flytja þekkingu sína með sér heim. Nauðsynlegt er að einn ákveðinn starfsmaður beri ábyrgð á þessu starfi með börnunum.

- **Dagur leikskólans**

Á degi leikskólans var hefðbundið skólastarf stokkað upp og haft flæði í öllum leikskólanum. Deildarstjórnir ákváðu hvaða leikstöðvar voru á hverri deild og börnin gátu farið á milli leikstöðva. Það sem var í boði á leikstöðvunum var t.d. hreyfing og þrautir, einingakubbar, dúkkubú, búningar og hattar, einbeitingarviðfangsefni s.s. perlur, pinnar, púsl, teikna og lita, legókubbar, bílar og bílabraut, boltar, lítil hús og fólk, dýr og dýrahús. Í smiðjunni var boðið upp á myndlistarverkefni. Starfsmenn voru hver og einn á sinni leikstöð, voru þar til staðar fyrir börnin og báru ábyrgð á því að öll börnin sem komu þangað að leika kæmust inn í leikinn.

- **Brúðubíllinn**

Á hverju sumri fara börn og starfsfólk leikskólans á sýningu Brúðubílsins þegar hann er í nágranni Vinaminnis.

- **Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu**

Á hverju skólaári er elsta barnahópnum í Vinaminni boðið á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu. Börn og starfsmenn fara í strætisvagni á tónleikana. Á leiðinni gefst gott tækifæri til að ræða um umhverfið, merk hús, sjóinn, fjöllin, gróðurinn og annað það sem fyrir augu ber. Tónleikarnir hrífa börnin upp á æðra plan þau fylgja tónlistinni og dansinum eftir og njóta virkilega stundarinnar.

- **Morgunverður, hádegisverður, síðdegishressing**

Matmálstímar eru inni á deildum eins og síðastliðið skólaár og reynist það mjög vel. Morgunverðurinn er í boði milli kl. 08:00 og 09:00. Börnin borða jafnóðum og þau koma í skólann og fara svo í leik. Börnin á Álfasteini borða hádegisverðinn kl. 11:15 og börnin á Dvergasteini borða hádegisverð kl. 11:30, börn á öðrum deildum skólans borða hádegisverðinn kl. 12:00. Síðdegishressing er snædd kl. 15:00 á Álfasteini og Dvergasteini og kl. 15:30 á öðrum deildum skólans. Ávaxtastundir eru alltaf um miðjan morgun og einnig eftir hádegði ef vill.

- **Umsjónarmaður**

*Umsjónarmaður* kallast það þegar börnin skiptast á að hjálpa til við að undirbúa hádegisverðinn og síðdegishressinguna. Það er ábyrgðarhlutverk að ná í matarvagninn að eldhúsinu í fylgd fullorðins, leggja á borð og setja matarílát og áhöld á borðin.

- **Hjóladagar**

Í júnímánuði eru hjóladagar í leikskólanum. Börnin á Völusteini og Töfrasteini skiptast á að koma með hjólin sín og hjálmana í skólann tvisvar til þrisvar yfir mánuðinn. Síðan fara starfsmenn með þeim út fyrir garðinn í hjólaferðir, mislangar eftir aldri og getu hvers hóps fyrir sig. Þetta fyrirkomulag hefur verið í mörg ár og hefur gengið vel.

- **Ferðir í Húsdýragarðinn**

Á vordögum fara börnin og starfsfólk á Töfrasteini og Völusteini í Húsdýragarðinn. Þetta eru skemmtilegar ferðir þar sem dýrin eru skoðuð, leikið í fjölskyldugarðinum og grillað í hádeginu.



- **Íþróttadagar, uppákomur í júní**

Íþróttadagarnir fara fram í júní ár hvert. Elstu börnin á Töfrasteini eru í ferðum um borg og bí meðan yngri börnin á Töfrasteini, börnin á Völusteini og á Dvergasteini eru í leikjum og þrautum fyrir utan garðinn á leiksvæði borgarinnr. Börnin á Álfasteini hafa þá garðinn út af fyrir sig þessa daga en að sjálfsgöðu eru þau velkomin í leikina og þrautirnar ef þau vilja. Börnunum finnst þessir dagar mjög skemmtilegir enda frábær tilbreyting frá daglega starfinu í garðinum. Unnið var að því að nýta útiveruna

sem mest og best í júní þrátt fyrir rigningarsumar. Það sem hefur verið gert með börnunum síðastliðið sumar er eftirfarandi: Íþróttadagar, leikjadagar, pylsupartý, yrðlingurinn Hnoðri kom í heimsókn, hjóladagar, 18. júní skrúðganga, heimsókn í Sorpu og ferðir í Húsdýragarðinn. Farið var í aðrar vettvangsferðir um nánasta umhverfi skólans með stækkunargler og poka til að tína í það sem börnunum fannst áhugavert. Í lok júní þegar börnin höfðu skemmt sér konunglega var gulleitardagur en þá leita börnin að gulli (hvað skyldi vera *gull*?) síðan fengu allir afhenta heimagerða medalíu fyrir þátttöku á hinum ýmsu uppákomum í júní. Æfingin skapar meistarann og allir skemmtu sér vel bæði börn og starfsmenn.



Yrðlingurinn Hnoðri í heimsókn



Gull fyrir „gulleitardaginn“



Á íþróttadögum í leikskólanum sumarið 2018.



- **Vettvangsferðir**

Vettvangsferðir voru daglegur viðburður í leikskólanum þegar veður leyfði síðastliðið skólaár. Börn af Töfrasteini og Völusteini voru dugleg að æfa sig í að labba um nánasta umhverfi leikskólans og kynnst því. Þannig fá börnin tækifæri til að fylgjast með

breytingum sem verða á náttúrunni á hverri árstíð fyrir sig. Þau fara með poka til að tína í það sem þau langar og síðan er það sem fór í pokana kannað betur þegar þau koma heim í leikskólann. Stækkunargler er einnig haft með í för og skordýr, laufblöð, mold og annað er rannsakað úti í náttúrunni. Í vettvangsferðunum fá börnin tækifæri til að lesa í umhverfið og náttúruna.



- **Náttfataball**

Fyrir mörgum árum talaði nemandi í leikskólanum um að það væri gaman að hafa náttfataball í skólanum. Náttfataballi var hið snarasta komið inn í dagskrána og hefur átt sitt sæti þar síðan við góðar undirtektir ungviðisins.

- **Sumarhátíð**

Sumarhátíðin er haldin í næstsíðustu viku fyrir sumarfrí í samvinnu við foreldrafélagið. Börnin syngja fyrir gesti, leikhópurinn „Kárius og Baktus“ tróðu upp og svo var grillað fyrir mannskapinn. Þessi hátíð hefur verið vel sótt af foreldrum, ömmum og öfum og hafa allir átt notalega stund saman fyrir sumarlokun.

- **Þróunarverkefni í tannvernd barna**

Þróunarverkefni í leikskólum hverfisins um tannheilsu leikskólabarna hefur staðið yfir í nokkur ár. Verkefnið er unnið í samvinnu við Lýðheilsustöð og heldur Hólmfríður Guðmundsdóttir tannlæknir utan um starfið og stjórnar því. Þróunarverkefnið felst í því að stuðla að heilbrigði í tannheilsu barna. Tannlæknir kemur í skólana og skimar upp í börnin til að kanna ástand tannanna. Þetta er að sjálfsögðu með vitund foreldra og þeim kynnt ástand tanna sinna barna. Foreldrar fá ráðleggingar hjá tannlækninum um hvernig þarf að bregðast við skemmdum tönnum og hvernig best er að halda þeim heilbrigðum með góðri tannhirðu og hollu fæði. Tennur allra barna leikskólans eru burstaðar eftir hádegisverðinn í leikskólanum. Tannverndarverkefnið heldur áfram næsta skólaár.

- **Sérkennsla**

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri. Börnin eru mismunandi hvað varðar reynslu og þroska og þau koma frá mismunandi menningarheimum. Börn með fötlun fá þá þjónustu og örvun sem þeim ber bæði í barnahópum og fyrir utan hann eftir því sem nauðsynlegt er hverju sinni. Leikskólastjóri hefur yfirumsjón með skipulagningu starfsins með fötluðum börnum í leikskólanum í samvinnu við deildarstjóra, foreldra og sérfræðiteymi í Þjónustumiðstöð í Mjódd og á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Reglulega eru haldnir fundir í leikskólanum með öllum þeim aðilum sem koma að málum barnanna hverju sinni. Þannig næst betri yfirsýn yfir stöðu barnanna og auðveldar það leikskólanum og foreldrum að skipuleggja betur áherslupætti í starfinu með þeim.

Leikskólakennararnir fá ráðgjöf frá sérfæðingunum um einstök börn sem þurfa á aðstoð og stuðningi að halda í leikskólanum. Leikskólastjóri les úr þroskalistum sem foreldrar fylla út. Foreldrar koma svo á fund með leikskólastjóra og deildarstjóra til að fara yfir

niðurstöðurnar. Síðan er tekin ákvörðun um framhaldið. Eins koma sérfræðingar og fylgjast með leik og starfi þeirra barna sem eiga við hegðunar- eða félagslegan vanda að stríða. Þessi samráð hjálpa leikskólanum að vinna með börnunum og beina þeim á rétta braut í lífinu. Börn sem þurfa á málörvun að halda vegna framburðargalla eða hljóðgalla fá æfingar og þjálfun í barnahópnum en sé um stærri vandamál að ræða eru börnin tekin út úr starfinu og þjálfuð sérstaklega. Gott samstarf foreldra og leikskólans er undirstaða þess að vel gangi.

- **Læsi í leik**

Læsi í leik er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans. Starfsmenn voru sammála um að læsi í leik væri mjög öflugt í skólanum og flestir starfsmannanna hafa hugfast hvað það er mikilvægt að ræða við börnin, lesa, syngja, vekja eftirtekt barnanna á hlutum og athöfnum innan leikskólans og utan hans. (Sjá „[Læsi í leik](#)“ í kafla Áherslur í leikskólastarfinu fyrir næsta skólaár).

- **Talnaskilningur – málörvun**

Á Töfrasteini er unnið með talnaskilning hjá börnunum. Með talnaskilningi er átt við að börnin skilji hvað liggur á bak við tölustafina. Börnin læra fljótt að telja 1, 2, 3 o.s.frv. en vita ekki hvað stendur á bak við tölurnar. Börn þurfa að læra að talan fimm stendur til dæmis fyrir fimm bolta eða fimm skóflur. Gerð voru verkefni eins og eggjabakki með tíu hólfum, hvert hólf átti sína tölu 1, 2, 3, 4, 5, 6... síðan áttu börnin að setja smásteina í hólfin í takt við tölustafina. Pípuhreinsarar með tölustaf á endanum: börnin þræddu perlur upp á pípuhreinsarann eins margar og tölustafurinn sagði til um. Klipptur út hringur sem er skipt í 10 svæði, hvert svæði var merkt tölustaf frá einum og upp í tíu. Hinum megin á blaðinu voru doppur ein upp í tíu. Börnin fengu svo litlar þvottaklemmur merktar með tölustaf öðrumegin og doppu hinum megin sem passaði við tölustafinn og áttu að klemma á hringinn á réttum stað. Einnig voru notaðir teningar og í boxi voru glerkúlur. Þegar börnin höfðu kastað tengingnum máttu þau fá jafn margar glerkúlur og tengingurinn sagði til um. Þessi verkefni með talnaskilning er skemmtileg og fræðandi fyrir börnin auk þess sem í því felst hörku málörvun.

- **Vísdomsstundaslit**

Sjá Vísdomsstundir .

- **Útikennsla**

Þegar Vísdomsstundum hefur verið slitið í byrjun júní og þar til elstu nemendurnir hætta í leikskólanum ýmist um sumarfrí eða 21. ágúst fara nemendurnir í útikennslu. Þá fer nánast allt starf þeirra fram utan veggja leikskólans. Á síðastliðnu skólaári fóru börnin í heimsóknir á skólalóðir þeirra grunnskóla sem börnin fara í skólaárið 2018-2019. Síðan fóru þau á Hvalasafnið, Þjóðminjasafnið, Árbæjarsafnið, Húsdýragarðinn, Öskjuhlíð og Nauthólsvík, Viðey, Elliðaárdalinn, að tjörninni í Seljahverfi, hjólaferðir og margt fleira.

Börnin á Töfrasteini og Völusteini fara í ferð í Húsdýragarðinn, skoða dýrin stór og smá, leika sér í fjöldkyldugarðinum og grilla í hádeginu. Vettvangsferðir eru allsráðandi í skólanum yfir sumarið og smíðaverkstæði er sett á laggirnar á leiksvæði borgarinnar við hliðina á leikskólanum. Þar geta börnin neglt endalaus nagla eða búið eitthvað til úr spýtum og nöglum. Hjóladagar eru vinsælar en þá er Breiðholtið kannað hátt og lágt.



Útikennsla og rannsóknir



Heimsókn á Hvalasafnið.



- **Hópastarfaslit**

Þriðjudaginn 12. júní var hópastarfinu slitið. Öll börn sem höfðu verið í hópastarfi síðastliðið skólaár hittust í skólastofunni. Þar voru sungin nokkur sumarlög og hópastarfinu síðan slitið. Barnahóparnir voru kallaðir upp, einn hópur í einu, börnin sungu „hóplagið“ sitt og fengu afhentar möppurnar sínar með verkefnum vetrarins. Þessi stund var ánægjuleg og nauðsynlegt að börnin finni að nú eru þáttaskil í starfinu í leikskólanum þar sem vinnan í hópastarfinu fær hvíld og sumarið og útiveran verða allsráðandi.

- **Afmæli barnanna**

Afmæli er stór dagur í lífi barna og er hann gerður eftirminnilegur fyrir hvert barn í leikskólanum. Afmælisbarnið fær að bjóða vinum sínum á deildinni upp á ýmiss konar ávexti. Afmælisbarnið fær kórónu, afmælissöngurinn er sunginn og afmælisbarnið er miðdepill þann dag.



Afmælislestin brunar hringinn á borðinu meðan börnin syngja afmælissönginn fyrir afmælisbarnið.

- **Endurmat elstu barnanna í skólanum.**

Í endurmati að vori sem elstu börnin tóku þátt í kom fram að öllum börnunum fannst skemmtilegast að vera í Vísdomsstundum, gista í leikskólanum, vinna í leikritagerðinni, sauma búningana sína, mála leikmyndina og sýna foreldrum sínum leikritið. Þeim

fannst líka mjög gaman að fara í ferðir, fara í heimsóknir á skólalóðir hvert hjá öðru. Einnig töluðu börnin um að þeim fyndist skemmtilegt að vera í einingakubbum, púsla, perla, teikna og vera í smíðju að mála og líma. Einnig fannst börnunum skemmtilegt að leika sér í dúkkubúinu og versluninni og vera úti á sumrin með dúkkur og vera úti í fótbolta. Þau töluðu líka um að gaman væri að renna sér á snjóþotu. „Mér finnst bara allt gaman í leikskólanum“ sagði einn.

## 5.2 Ytra mat

Annað hvert ár sendir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar viðhorfskönnun á alla foreldra leikskólanna í borginni. Foreldrar Vinaminnis hafa tekið þátt í þessari könnun skólaárin 2009, 2011, 2013, 2015 og svo 2017. Tilgangur könnunarinnar er að kanna viðhorf foreldra til leikskólastarfsins.

## 5.3 Umbótaáætlun út frá niðurstöðum innra og ytra mats

Þar sem skólastarfið skólaárið 2017-2018 gekk mjög vel miðað við starfsáætlunina ákváðum við í Vinaminni að vinna að mestu samkvæmt þeirri starfsáætlun skólaárið 2018-2019 með nokkrum endurbótum.

Á Töfrasteini verða þriggja, fjögurra og fimm ára gömul börn. Valið verður með sama hætti og síðasta ár. Börnin geta áfram valið sér viðfangsefni á valsvæðum innan sinnar deildar, útiveru og smíðju. Flæðið verður áfram í valinu þar sem börnin geta skipt um leiksvæði að vild. Söngstundir deildarinnar og sameiginlegar söngstundir á föstudögum með öllum börnum skólans fara fram á deildunum til skiptis. Hópastarf og vísdomsstundir verða áfram í starfinu á Töfrasteini. Eins og áður mun elstu börnunum vera boðið að vinna í tölvu í vísdomsstundum.

Á Völusteini og Dvergasteini verða börn á aldrinum 2-3 ára. Mikil samvinna verður á milli þessara tveggja deilda eins og t.d. samval og flæði eftir því sem hægt er. Á báðum deildum verður val, hópavinna og stöðvavinna, samverustundir, söngstundir o.s.frv. Á Dvergasteini verður könnunarleikurinn líka í gangi.

Á Álfasteini verða eins til tveggja ára gömul börn. Þar verður unnið með börnunum í annars konar hópavinnu þar sem áhersla verður lögð á að börnin geti verið í litlum hópum í hinum ýmsu viðfangsefnum eins og könnunarleik, einbeitingarviðfangsefnum, kubbaleikjum, fjölskylduleikjum, hreyfileikjum, boltaleikjum, myndlistarstarfi, útiveru o.s.frv. Lögð er áhersla á að þessi litlu börn fái notalegt atlæti og umönnun því mikill tími fer í umönnun og daglegar þarfir hjá þessum litlu börnum. Stór þáttur í námi þeirra eru samskipti t.d. að læra að skiptast á leikföngum, lána, fá lánað og svo þarf maður stundum að bíða smá stund eftir því að fá dótið sem mann langar svo mikið til að leika með sem er líka mikill lærdómur.

Á skipulagsdegi 8. ágúst verður tekið fyrir annað í starfinu sem þarfnast umbóta en þá hefur eins og áður allt starfsfólkið tækifæri til að koma að þeirri vinnu.

## 5.4 Áætlun um mat á skólastarfinu 2018-2019

Skólastarfið í Vinaminni verður metið með sama hætti og undanfarin ár. Matinu verður gefið rými á fagfundum, deildarstjórafundum, deildarfundum, starfsmannafundum og á skipulagsdögum. Umbætur verða gerðar jafnóðum og stuðlað að því að börnin fái að njóta skólastarfsins sem best. Að vori fer fram endurmat á vetrarstarfinu í heild með öllu starfsfólki skólans og gerðar umbætur ef þurfa þykir.

Í Vinaminni er lokað vegna skipulagsdaga tvo daga á ári. Aðrir skipulagsdagar eru teknir utan vinnutíma. Þar mun fara fram endurmat og umbótaáætlun með öllu

starfsfólki skólans. Fagfólk leikskólans mun vinna að undirbúningi fagstarfsins með börnunum einu sinni í mánuði á kvöldum eða um helgar.

Í foreldravíðtölum verður lagt upp með markvissara endurmat meðal foreldra. Eins og síðastliðið haust verður nýjum foreldrum send skólanámskrá skólans og þeir beðnir að kynna sér hana og ræða um hana heima með það í huga „hvað vil ég að barnið mitt læri og fái út úr leikskólagöngu sinni“. Foreldrar senda síðan leikskólastjóra niðurstöður sínar og greina frá því hvað er gott í starfinu og hvað má bæta.

Deildarstjórar bera ábyrgð á endurmati, umbótaáætlun og skráningu matsins sem fer fram á deildar-, deildarstjóra- og starfsmannafundum.

## 6 Faglegar áherslur í starfi leikskólans

### 6.1 Áherslur í leikskólastarfinu fyrir næsta skólaár

Allt skólastarfið er börnunum mikilvægt. Skólaárið 2018-2019 verður með svipuðu sniði og síðastliðið skólaár og verður lögð rík áhersla á að starfsfólk deildanna vinni saman að markmiðum skólastarfsins og leiðum til að ná þeim. Jákvæðni og gott andrúmsloft er grundvöllur þess að gleði, traust, virðing, umhyggja, tillitsemi og samkennd ríki í skólastarfinu hvað varðar barn/barn, barn/fullorðinn og fullorðinn/fullorðinn. Þannig næst bestur árangur í starfinu með börnunum og starfsgleði fær að njóta sín. Áfram verða sömu áherslur þættir í starfinu og á síðastliðnu skólaári.

Námssvið leikskóla í *Aðalnámskrá leikskóla*, sem gefin var út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu 2011, og nýendurgerð skólanámskrá leikskólans (2017) verða höfð að leiðarljósi í leikskólastarfinu en þar segir að námssvið leikskóla séu: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Lögð verður áhersla á að starfsfólk kynni sér námssvið aðalnámskrár leikskóla en þessir þættir verða teknir til umræðu og fróðleiks á deildar-, deildarstjóra- og starfsmannafundum og skoðað hvernig námssviðin tengjast inn í starf leikskólans.

Markmið:

- *Að starfsfólk kynni sér námssvið aðalnámskrár leikskóla*

Leiðir:

Umræður á deildar-, deildarstjóra- og starfsmannafundum og skoða hvernig námssvið aðalnámskrár leikskóla tengjast inn í starf leikskólans Vinaminnis.

- **Jákvæður agi, rammi, virðing**

Til að börnunum líði sem best í leikskólastarfinu þurfa starfsmenn skólans að bera virðingu fyrir börnunum, ræða við þau, hlusta með áhuga á þau og kenna þeim á jákvæðan hátt. Dæmi: Börnin eru að fara að borða hádegisverð og eitt barnið grípur bíl úr hillunni og ætlar að fara að leika sér. Starfsmaður: „Já, nú ætlum við að fara að borða, bíllinn ætlar að bíða hér í hillunni á meðan“ eða „Bíllinn er ekki í boði núna, við erum að fara að borða“. Þannig vísunum við bílnum til hliðar en bönnum barninu ekki að fá bílinn. Barnið finnur að það er ekki verið að banna því að fá bílinn heldur er bíllinn ekki fánlegur. Öll börn þurfa ákveðinn ramma utan um sig til að þeim líði vel, þau þurfa að vita hvað þau mega fara langt og hvar mörkin eru. Þau þurfa að vita að hinir fullorðnu eru að vernda þau fyrir hættum í umhverfinu þegar þeir setja þeim mörk. Samræður við börnin, virðing og jákvæður agi er undirstaða þess að þeim líði vel, að þau finni til öryggis og finni að þau eru mikilvægar persónur sem hafa rétt á að koma sínum málum á framfæri og þau finni að hlustað sé á þau.

Starfsmenn yfirfæra tilfinningar sínar yfir á börnin þannig að gleði starfsmannanna færir börnunum gleði og leiði þeirra færir börnunum leiða. Starfsmenn þurfa því að vera glaðir í starfinu með börnunum og geyma allar áhyggjur lífsins heima. Bros og hlátur starfsmanna lyftir litlum hjörtum upp á æðra plan svo vellíðunartilfinning flæðir um þau.

- **Valið**

Lögð verður áhersla á valið í starfinu með börnunum. Valið er í raun hinn frjálsi leikur þar sem börnin taka ákvarðanir á sínum forsendum um hvað þau vilja gera og með hverjum þau vilja starfa.

Markmið:

- *Að efla sjálfstæði, virkni, ábyrgð, sköpun, hugmyndaflug og læsi barnanna*
- *Að leikurinn sé ráðandi afl í öllu sem börnin taka sér fyrir hendur*
- *Að efla vináttu, samkennd og samskipti meðal barnanna*

Leiðir:

Framkvæmd valsins verður á þá leið að börnin á Töfrasteini velja sér viðfangsefni á valsvæðunum á sinni deild en þau geta einnig farið í smíðjuna eða út að leika sér. Börnin á Völusteini geta valið viðfangsefni á sinni deild auk útileikja og smíðju.

- **Þemu**

Þau þemu sem verða tekin fyrir næsta skólaár verða ákveðin með börnunum þegar hópastarf hefst og í ljós kemur hvar áhugasvið þeirra liggja. Með 3ja ára gömlum börnum verður tekið fyrir þemað: „Ég sjálfur fjölskyldan og vinir“.

- **Leiklist**

Í vísdomsstundum verður áfram unnið með leiklist. Reynsla liðinna ára hefur sýnt að leiklist í leikskólastarfinu er mjög áhugaverð og skapandi fyrir börnin og áhugi þeirra fyrir leiklist er mjög mikill. Börnin fá tækifæri til að gefa hugmyndaflugi sínu lausan tauminn og láta heimspekilegar hugsanir sínar í ljós, þau fá tækifæri til að skapa, túlka og tjá eigin hugmyndir og vinna saman að lausn verkefnisins. Leiklist stuðlar að sjálfstæði barnanna og leiðir til jákvæðrar reynslu. Börnin fara inn í ímyndaðan heim og takast á við hlutverk, þau lifa sig inn í aðstæður og verða að taka sjálfstæðar ákvarðanir og bera ábyrgð. Áhugi barnanna og gleði yfir viðfangsefnunum í leiklistarstarfinu eru svo mikill að unun er að sjá. Það er mikilvægt að elstu börnin í leikskólanum hafi sérstöðu í leikskólastarfinu og finni að þau geta gert áhugaverða og eftirsóknarverða hluti á sínum forsendum.

- **Hópastarfið**

Í hópastarfinu verður unnið áfram með könnunaraðferðina með börnunum. Könnunaraðferðin gefur börnunum tækifæri til að tjá reynslu sína og þekkingu ennfremur að bæta við þekkingu sína á þeim sviðum sem áhugi þeirra beinist að. Í hópastarfinu með 3ja ára gömlum börnum verður tekið fyrir þemað „Ég sjálfur fjölskyldan og vinir.“

- **Einingakubbar**

Einingakubbarnir verða í boði í starfinu fyrir börnin á Töfrasteini, Völusteini og Dvergasteini og næsta skólaár. Einingakubbarnir eru skemmtilegur og áhugaverður efniviður fyrir nám barna og mikið notaðir í Vinaminni.

- **Námssvið**

Eins og áður hefur komið fram verður lögð áhersla á námssvið leikskóla en þau eru: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Markmið:

- *Að starfsfólk kynni sér námssvið aðalnámskrár leikskóla/skólanámskrár Vinaminnis*

Leiðir:

Umræður á deildar-, deildarstjóra- og starfsmannafundum og skoða hvernig námssviðin tengjast inn í starf leikskólans Vinaminnis.

- **Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu**

Lögð verður áhersla á að fá foreldra til að taka þátt í leikskólastarfinu.

Markmið:

- *Að foreldrar fái tækifæri til að leggja sitt af mörkum við skipulagningu og framkvæmd skólastarfsins*

Leiðir:

Nýjum foreldrum verður send endurgerð skólanámskrá leikskólans Vinaminnis (2017) á rafrænu formi. Þeir verða beðnir að kynna sér námskrána og senda leikskólastjóra umsögn um það sem þeim þykir gott og hugmyndir um nýjungar og breytingar í starfinu. Foreldrar verða beðnir um að hafa í huga við skoðun skólanámskrárinnar: „Hvað vil ég að barnið mitt fái út úr leikskólagöngunni?“.

- **Myndlistarstarf**

Við viljum leggja mikla áherslu á myndlistarstarfið í Vinaminni.

Markmið:

- *Að börnin öðlist færni í því að nota myndmenntina til að tjá reynslu sína óþvingað*
- *Að börnin fái tækifæri til að vinna með mismunandi áferð og efnivið og skapa eigin verk*

Leiðir:

Myndlistarstarfið fer fram í smiðjunni þar sem unnið er með myndsköpun og myndmál á sem fjölbreyttastan máta. Þá er átt við að börnin fái að kynnast mismunandi áferð og efniviði, málningu og litum til að vinna með í myndlistinni. Lögð er áhersla á að börnin öðlist færni í því að nota myndmenntina óþvingað til að tjá reynslu sína og það sem liggur þeim á hjarta hverju sinni. Mikilvægt er að samspilið milli starfsmanns og barns sé á þann veg að barnið finni hjá sér vellíðan og hvetjandi andrúmsloft sem örvi það til að halda áfram með verkið og þróa það á sínum forsendum.

Sköpunarþörf barna er mikil og til að koma til móts við þá þörf höfum við í Vinaminni útbúið smiðjuna í miðju húsinu þar sem aðgengi er gott fyrir öll börn leikskólans. Þar er stórt og bjart rými og geta 1-3 börn af hverri deild komið samtímis í smiðjuna til að vinna í myndlistinni.

- **Hreyfing**

Í Vinaminni er lögð áhersla á að börnin fari út til að efla hreyfifærnina. Í útiverunni geta börnin óhindrað fengið útrás fyrir hreyfiþörf sína. Þar geta þau hlaupið, hoppað, klifrað, rólað og farið í gömlu góðu útileikina.

Þegar veður leyfir fara öll börn leikskólans út einu sinni á dag ýmist fyrir eða eftir hádegi. Þau börn sem eru í hópastarfi fyrir hádegi fara út eftir hádegi og öfugt. Á öðrum tímum, þegar ekki er um hópastarf að ræða, geta börnin að sjálfsögðu líka valið að fara út. Reynslan hefur sýnt að ef börnin taka sjálf ákvörðun um hvort þau vilja fara út eða ekki er útiveran jafn áhugaverð og önnur valsvæði. Stuðlað er að því með verkefnavali

og virkni starfsfólksins á leikvælinum að gera útiveruna fjölbreytta, skemmtilega og þar af leiðandi eftirsóknarverða. Árstíðirnar, veðráttan og þær aðstæður sem skapast í náttúrunni eru notaðar til að örva börnin til útiveru.

Vettvangsferðir eru í hávegum hafðar í leikskólanum allt skólaárið og yfir sumar-mánuðina þegar veður er gott fara 4-5 börn af hverri deild í vettvangsferðir daglega. Umhverfið fyrir utan leikvöllinn er skemmtilegt til leikja og er mikið notað fyrir börnin. Fyrir utan garðinn er stór hóll sem gaman er að renna sér niður á veturna, og baksa upp á sumrin. Leikvöllur borgarinnar er við hliðina á garði skólans og svo er mjög stutt í skóginn milli Efra- og Neðra-Breiðholts svo og í Elliðaárdalinn.

Markmið:

- *Að börnin njóti útiveru og hreyfingar og fái hreyfipörf sinni fullnægt*
- *Að börnin þjálfí grófhreyfingar sínar*
- *Að börnin læri heiti á mismunandi veðurfari og læri að nota þau orð*
- *Að börnin læri að klæða sig eftir veðri*
- **Hreyfistundir**

Hlutverk leikskóla er að efla alhliða þroska barnanna þar á meðal hreyfiproska. Með hreyfistundunum erum við að vinna markvisst að því að börnin hreyfi sig reglulega og þjálfí hina ýmsu vöðva og að þau læri slökun og öndun. Í hreyfistundunum gefst leikskólakennurinum tækifæri til að fylgjast með hreyfigetu barnanna og eru því betur í stakk búnir til þess að grípa inn í ef með þarf.

Hreyfistundir verða á öllum deildum skólans næsta skólaár. Hreyfistundatækjum verður skipt niður á deildirnar þannig að hver deild hefur tækin einn dag í viku.

Markmið:

- *Að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna*
- *Að efla grófhreyfingar hjá börnunum*
- *Að efla snerpu, þol, úthald, samhæfingu, jafnvægi og öryggi hjá börnunum*
- *Að börnin læri leiki og þrautir og upplifi gleði og kátínu*
- *Að börnin fái útrás og læri mun á spennu og slökun*
- *Að efla líkamsvitund barnanna*
- **Samverustundir, söngur, lestur bóka, málþroski**

Tónlist er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi barna og dýrmætur þáttur í menningu okkar. Tónlistin er alþjóðlegt tungumál sem allir skilja. Tónlist veitir börnum tækifæri til að þroska með sér næmi fyrir hljóðum og hrynjandi. Að njóta tónlistar, hlusta, hreyfa sig eftir tónlist í dansi og leikrænni tjáningu, að læra texta og syngja með tónlistinni veitir börnum tækifæri til túlkunar með líkama og sál. Börnin nota hljóðfæri af öllum gerðum sem gerir þeim kleift að efla með sér frjálsa skapandi tjáningu og túlkun á tónlist. Börn hjala, söngla og syngja af einskærri gleði sem vert er að veita eftirtekt og gefa rými. Við lítum á sönginn sem gleðigjafa og því viljum við leggja áherslu á að börnin syngi mikið og læri lög og texta. Í Vinaminni eru tónlistarstundir með söng og líkamstjáningu tvisvar á dag á öllum deildum skólans.

Markmið:

- *Að efla málþroska, tjáningu og gleði í leikskólanum*
- *Að börnin fái tækifæri til að nota hljóðfæri og þroska með sér næmi fyrir hljóðum og hrynjandi*
- *Að efla listrænan, líkamlegan, tilfinningalegan og vitsmunalegan þroska hjá börnunum*

- **Málrækt**

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Með því tjá þeir hugsanir sínar og tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Málþroski er hluti af almennum þroska barnanna og segja má að málörvun gangi eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Með málþroska er átt við málfarslega hæfni, tjáningu og skilning, orðaforða, framburð, setningaskipan og beygingar. Lögð er áhersla á lestur bóka, þulur og söngva og börnin hvött til að tjá sig, tala saman og hlusta á aðra. Enn fremur er lögð áhersla á að tala gott íslenskt mál við börnin. Á tímum örrar þróunar í tækni – samanber iPad, símar og tölvur – sem nýtist börnum frá unga aldri og er af hinu góða þurfum við að standa vörð um þann hluta málþroskans að tala við börnin og lesa fyrir þau. Við megum ekki gleyma að það mikilvægasta af öllu góðu er að hafa samskipti við börnin. Það þarf að ræða við börn, hlusta á þau, lesa fyrir þau, syngja með þeim, segja þeim hvað hlutirnir heita, ræða við þau um náttúruna og einkenni hennar og hvað hún hefur upp á að bjóða. Við megum ekki gleyma þessum langstærsta þætti í uppeldi barna og setja þau í staðinn fyrir framan tölvuna, iPadinn eða símann til að hinir fullorðnu fái frið.

Markmið:

- *Að börnin nái góðum tókum á íslensku máli til tjáskipta og samræðna*

- **Læsi í leik**

Læsi í leik er mjög öflugt í starfinu í Vinaminni. Ákveðið er að halda áfram á sömu braut og síðustu ár og leggja enn meiri áherslu á fræðslu til starfsfólksins. Það er þannig með allt starf í leikskóla að það þarf að fá tíma til að þróast og þroskast svo allt starfsfólkið sé meðvitað um gildi þess fyrir börnin. Læsi í leik, er þáttur sem verður lögð mikil áhersla á í starfinu næsta skólaár.

Leikskólinn hefur sett sér markmið með læsi í leik sem hér segir:

1. Markmið

- *Að gera alla starfsmenn leikskólans meðvitaða um hvað er læsi og vekja áhuga þeirra á læsi í víðum skilningi*

Leiðir:

Miðla upplýsingum og fræðslu til starfsmanna um læsi í víðum skilningi. Starfsmenn fari á námskeið og ráðstefnur til að afla sér þekkingar um læsi. Umræður og skoðanskripti um læsi í leikskóla á deildarfundum og starfsmannafundum. Hafa leiðir um læsi sýnilegar fyrir starfsmenn og foreldra.

2. Markmið

- *Að auka málskilning, orðaforða og ímyndunarafl, virkja hlustun og tjáningu.*

Leiðir:

Fá börnin til að segja frá og tjá sig. Gefa börnunum tækifæri til að semja sögur. Að börnin fái tækifæri til að lesa í myndirnar sínar og örva þannig ímyndunaraflið. Starfsmenn séu virkir í leiknum með börnunum. Auka málskilning og orðaforða, nota mismunandi orð yfir athafnir og annað, fjölbreytt orðaval. Vinna myndrænt og leikrænt með þulur, söngva og sögur. Gefa börnunum tækifæri til að hlusta á mismunandi sögur og mismunandi aðferðir til að upplifa sögur á mismunandi hátt. Bjóða börnunum viðfangsefni sem hæfir aldri þeirra og þroska. Að starfsmenn tali skýrt og gott íslenskt mál, stuttar setningar og skýrar.

### 3. Markmið

- *Gefa börnunum tækifæri á að læra að lesa í aðstæður og persónur hver annars.*

Leiðir:

Í leiknum og með umræðum. Starfsmenn séu þátttakendur í leik með börnunum. Efla jákvæð samskipti. Vera með börnunum og hjálpa þeim að leysa ágreiningsmál ef þarf.

### 4. Markmið

- *Að gera börnin meðvituð um ritað mál*

Leiðir:

Hafa sýnilegt ritmál fyrir öll börnin í leikskólanum. Skrá tilvitnanir frá börnunum. Skrá frásagnir og sögur barnanna. Opið aðgengi að bókum. Benda á línurnar þegar lesið er fyrir börnin og fylgja lesátt.

- **Sameiginleg læsisstefna milli leikskólans og grunnskólans**

Þjónustumiðstöð Breiðholts fór af stað með þróunarverkefni með LÆM „læsi allra mál“ í leikskólum og grunnskólum í Breiðholti vorið 2015. Við í leikskólanum Vinaminni tókum þátt í þessu mikilvæga og stórskemmtilega verkefni.

Börn úr öllum hverfum Reykjavíkurborgar stunda nám í Vinaminni auk þess nemendur úr Kópavogi og Hafnarfirði. Það er ekki á dagskrá leikskólans að svo stöddu að vinna upp læsisstefnu milli Vinaminnis og þeirra skóla sem nemendur Vinaminnis fara í. Nemendurnir starfa eftir stefnu leikskólans í þeim efnum og fara með þá reynslu sem þau öðlast þar með sér í grunnskólann.

- **LÆM – Læsi allra mál**

Skólaárið 2015-2016 fór af stað verkefnið LÆM „Læsi allra mál“. Flestir grunn- og leikskólar í Breiðholti taka þátt í þessu stórmikilvæga og flotta verkefni sem Þjónustumiðstöð Breiðholts heldur utan um og stýrir. Var því skólaárið 2015-2016 í raun stóra námskeiðsárið. Leikskólakennarar Vinaminnis fóru á hvert námskeiðið á fætur öðru til að geta lagt skimanir fyrir börnin. Þegar skimanirnar höfðu verið lagðar fyrir kom í ljós hvar börnin stóðu í málþroska. Ef þau komu slök út var tekið á því og börnin sýndu strax framfarir. Málörvun var augin til muna í starfinu, sögustundum var fjölgað á öllum deildum skólans, starfsmenn voru vakandi yfir því að taka bók í hönd og lesa fyrir eitt eða fleiri börn ef tækifæri gafst og börnin voru dugleg að fara í bókakrókana á deildunum og skoða bækur. Söngurinn var að sjálfsögðu á sínum stað í starfinu, en í Vinaminni hefur söngurinn alltaf haldið velli og verið vinsæll gleðigjafi. Skólaárið 2017-2018 var gríðarlega mikil málörvun í gangi í öllum leikskólanum þó sérstaklega á eldri deildum. Leikið var með orð og orðasambörn, spiluð málörvunarspil, leikið með stafakubba en þá kubbuðu börnin orð og skrifuðu þau svo á tússtöflu. Einnig var unnið með sögugerð, rím, orðhlutaeyðingu og margt fleira. Sjá skólanámskrá 2017 á [vinaminni.is](http://vinaminni.is).

- **Tvítyngi og læsi**

Í Vinaminni er lögð áhersla á að tvítyngd börn nái góðum tókum á íslenskunni og geti átt góð samskipti og gott líf í íslensku samfélagi. Þegar börn læra fleiri en eitt tungumál verða þau tvítyngd. Sum börn eiga eitt móðurmál sem þau læra hjá foreldrum og bæta síðan öðru tungumáli við, tungumáli samfélagsins. Svo eru börn sem eiga tvö móðurmál og tungumál samfélagsins sem þriðja mál. En oft eru skil á milli tungumála í lífi barna ekki svo skýr. Að hafa vald á fleiri en einu tungumáli strax á fyrstu árum ævinnar er dýrmætur viskubrunnur. Rannsóknir benda til þess að við bestu aðstæður geti tvítyngi stuðlað að ríkari málþroska, fjölbreyttari greind, aukinni víðsýni og sköpunargáfu svo fátt eitt sé talið (Peal & Lambert, 1962). Því meiri tungumálakunnátta því sterkari stoð.

Sameiginlegt hlutverk foreldra og skóla er því að hlúa að tvítyngi barna og gefa þeim kost á að viðhalda og þróa bæði/öll tungumál sín. Móðurmálið gegnir mikilvægu hlutverki, en það er grunnurinn sem allt annað tungumálanám byggir á. Tungumál samfélagsins er síðan lykillinn að velgengni í námi og starfi.

(sjá nánar: <http://lesvefurinn.hi.is/node/147>)

- **Talnaskilningur – málörvun**

Leikir, þrautir og vinna með tölur og talnaskilning verður áfram í starfinu næsta skólaár. Það að börnin læri hvaða gildi tölustafirnir hafa vekur hjá þeim áhuga fyrir tölustöfunum. Þau skilja að ef þú ert með töluna 2 þarf barnið 2 kubba sem standa fyrir tölustafinn o.s.frv. Fyrir börn sem eru þriggja ára gömul er unnið með tölugildin upp í 10 og fyrir fjögurra ára gömul börn eru tekið fyrir tölugildin upp í 20.

Þetta er skemmtileg vinna sem vekur áhuga barnanna fyrir tölum og talnagildum auk þess sem þarna fer fram hörku málörvun og hugtakaskilningur, minni, stærri, fleiri, færri, jafnmargir o.s.frv.

Markmið:

- *Að börnin læri að telja og skilji hvað stendur fyrir hverja tölu*
- *Að börnin læri hugtök sem tengjast tölum, eins og t.d. minni, stærri, færri, fleiri, jafnmargir, stórir, litlir o.s.frv.*

- **Náttúra og umhverfi**

Náttúran er óþrjótandi uppspretta uppgötvana, upplifana, hugmynda og verkefna fyrir börnin. Náttúran og umhverfið er rótin að lífi okkar og lífðnaðarhátum. Þess vegna er svo mikilvægt að börnin njóti náttúrunnar á sem fjölbreyttastan máta, að börnin kynnist breytingum á náttúrunni á hverri árstíð fyrir sig, að þau kynnist lífríki hennar veðráttu og einkennum. Börnin þurfa að læra að njóta auðsins í náttúrunni. Þau þurfa að finna ilminn úr grasinu, af blómunum og trjánunum, þau þurfa að kanna steinana, fuglana, skordýrin, lækina og fiskana og þau þurfa að læra að ganga vel um náttúruna t.d. með því að tína upp rusl og sporna þannig við mengun í náttúrunni. Nauðsynlegt er að börnin hafi með sér í farteskinu út í lífið metnað fyrir velferð náttúruauðlinda, fegurð landsins, hafs og himins.

Umhverfismennt og umhverfisvernd er einn þáttur í námi leikskólabarnanna í Vinaminni. Börnin kynnast nánasta umhverfi skólans í vettvangs- og rannsóknarferðum. Börnin rannsaka náttúruna og kanna hana. Stundum taka þau rannsóknarefni með sér í poka heim í leikskólann til frekari rannsókna.

- **Samskipti barnanna á milli**

Mikilvægt er að börnin læri að eiga góð og jákvæð samskipti sín á milli í leikskólanum. Umhyggja, virðing og tillitssemi spilar þar stóran sess. Börnin þurfa að temja sér tillitssemi og virðingu í garð leiksystkina sinna og annarra sem þau umgangast.

Markmið:

- *Að börnin læri að finna leiðir til að leysa ágreiningsmál sín á milli á jákvæðan hátt*
- *Að börnin læri að bera virðingu hvert fyrir öðru og skoðunum hvers annars*
- *Að börnin læri að taka tillit hvert til annars og bera umhyggju fyrir þeim sem minna mega sín*

Leiðir:

Hinir fullorðnu þurfa að vera góðar fyrirmyndir fyrir börnin í samskiptum sín á milli og í samskiptum við börnin. Starfsmenn þurfa að ræða við börnin um það hve líðan okkar

er betri ef við getum rætt við vini okkar á jafnræðisgrundvelli í stað þess að kljást á neikvæðan hátt um málin. Einnig er gott að setja upp tilbúin dæmi fyrir börnin svo þau sjái sjálf muninn og geti tileinkað sér góð samskipti. Lestur bóka er einn þáttur sem gott er að nota við slíkar aðstæður.

- **Tilfinningar**

Unnið verður með tilfinningar í Vísdomsstundum. Börnunum er það nauðsynlegt að þekkja tilfinningar sínar og geta fundið lausnir til að losna út úr aðstæðum sem erfitt er að ráða við eins og reiði, depurð, einmanaleika, kvíða, sorg, o.s.frv. Börnin æfa sig í að tala um tilfinningar sínar og líðan við mismunandi aðstæður hvernig þeim líður þegar þau eru glöð, ánægð, pirruð, reið eða kviðin. Mikilvægt er að börnin læri að greina á milli jákvæðra og neikvæðra tilfinninga og geti fundið leiðir til að láta sér líða sem best þegar á móti blæs. Styðja börnin í að öðlast hæfni til að koma auga á leiðir til að ná tökum á tilfinningum sem valda vanlíðan.

- **Jákvæður starfsandi í leikskólanum**

Jákvæður starfsandi gerir það að verkum að allt starfið með börnunum verður betra og markvissara. Líðan starfsfólks og barna verður betri sem skilar sér áfram til foreldra og samfélagsins. Skólaárið 2016-2017 tóku starfsmenn sig saman um að hittast og gera eitthvað skemmtilegt saman eftir vinnudag einu sinni í mánuði t.d. fara í gönguferð niður í Elliðaárdal, föndurkvöld í leikskólanum, kaffibolli á kaffihúsi, bíóferð, badminton, ferð í Bláa lónið, o.s.frv. Starfsmenn komu með hugmyndir að því sem þeir höfðu áhuga á að gera. Þessi hugmynd reyndist vel þó svo að ekki næðist að gera eitthvað alveg mánaðarlega eins og fyrir fram var ákveðið en þær samverustundir utan vinnutímans nýttust vel og jók gleði og samkennd í starfsmannahópnum. Ákveðið er að halda þessu fyrirkomulagi áfram skólaárið 2018-2019 og þá skiptast starfsmenn á hverri deild fyrir sig á að skipuleggja gleðskapinn.

Markmið

- *Bæta starfsandann í leikskólanum svo öllum líði vel börnum, starfsmönnum og foreldrum*

Leiðir:

Gefa starfsmönnum tækifæri til að koma með hugmyndir og vinna að þeim í starfinu og efla þannig mannauðinn og vellíðan í starfi. Reglulegar samverustundir starfsmanna fyrir utan vinnutímann og ræða strax saman ef vanda eða ágreiningsmál ber á góma. Starfsmenn þurfa að vera duglegir að hrósa hver öðrum í vinnunni og vinna að lausnum.

- **Félagsfærni**

Félagsfærni er börnum mikilvæg. Stór þáttur í því að börnum líði vel í leikskóla er að þau eigi auðvelt með að eignast vini, að þau geti leikið og starfað með öðrum börnum og geti sýnt öðrum vináttu, virðingu og samkennd. Börnin þurfa að vera félagslega sterk þegar þau koma í grunnskólann svo vel takist til þar. Barn sem er tilbúið til að ganga inn í hóp barna á skólalóðinni eru allir vegir færir. Barn sem stendur fyrir utan barnahópinn og þorir ekki að blanda sér í hópinn er ekki félagslega sterkt og þarf því hjálp vinar eða einhvers fullorðins.

Markmið:

- *Efla samkennd, vináttu, virðingu og félagsfærni hjá börnunum*

Leiðir:

Starfsmenn séu vakandi yfir því að öll börnin séu dugleg að blandast hópnum og taka þátt í leikjum hinna barnanna. Þeir þurfa að vera tilbúnir til að hjálpa þeim börnum að taka þátt sem eru hlédræg og þora ekki að blanda geði við önnur börn. Þá er hlutverk starfsmanna að leiða börnin í leikinn og vera með þeim þar til þau eru tilbúin að losa takið, þá getur hinn fullorðni dregið sig út úr hópnum en verið samt sem áður til staðar.

- **Efla rólegheit í starfinu með börnunum**

Reynslan hefur sýnt okkur það í Vinaminni að ef rólegheit skapast í barnahópnum þá endast börnin lengur við viðfangsefnið en ella. Þetta er hlutur sem við leggjum áherslu á í starfinu með börnunum hvert skólaár.

Markmið:

- *Gera eldri börnin meðvituð um raddhæð sína og kenna þeim að nota „inniröddina“ og hinn fullorðni verði fyrirmynd barnanna*
- *Skapa rólegheit á yngri deildum skólans, hinir fullorðnu verði fyrirmyndir barnanna*

Leiðir:

Skólaárið 2018-2019 ætlum við að halda áfram að efla rólegheit í skólastarfinu. Starfsmenn þurfa að temja sér að tala í notalegri tónhæð við börnin og ekki reyna að yfirgnæfa hópinn heldur ná athygli barnanna með því að tala lægra. Við ræðum við börnin á eldri deildunum og gerum þeim ljóst hve líðan þeirra verður betri ef hávaðinn er í lágmarki. Starfsmenn verði fyrirmyndir barnanna og tali lægra t.d. með því að koma til þeirra barna sem tala mjög hátt og ná athyglinni með því að tala í lágum hljóðum við börnin og jafnvel snerta/strjúka þau létt á öxlina. Nota hljóðeyrað og kenna börnunum að fylgjast með því sjálf þegar hávaðinn er orðin of mikill.

Á yngri deildum skólans er mikilvægt að starfsmenn séu rólegir og vinni með börnunum yfirvegað og rólega, sitji með þeim í leik á gólfinu eða við borð og sýni þeim rólegt atferli, þannig yfirfærast rólegheit yfir á börnin.

- **Einstaklingsmiðað nám**

Í Vinaminni hefur starfsfólk alltaf verið meðvitað um að koma til móts við þarfir hvers og eins barns. Mikilvægt er að setja sér markmið hvað þennan þátt varðar.

Markmið:

- *Að koma til móts við þarfir hvers og eins barns*

Leiðir:

Starfsmenn þurfa að fylgjast með hverju og einu barni í hinu daglega starfi og koma til móts við þarfir þeirra, langanir og óskir frá degi til dags. Þegar starfsmenn kynnast börnunum læra þeir inn á þessa þætti í fari barnanna og þá er auðveldara að koma til móts við hvern og einn einstakling.

Skrá niður hvar barnið stendur í alhliða þroska, fylgja skráningunni eftir, gera einstaklingsnámskrár í samstarfi við foreldra fyrir þau börn sem standa höllum fæti í leik og námi.

## 7 Starfsmannamál/starfsþróun í leikskólanum

### 7.1 Starfsmannamál

| Starfsheiti                                     | Fjöldi | Starfshlutfall | Menntun                                        |
|-------------------------------------------------|--------|----------------|------------------------------------------------|
| Leikskólastjóri                                 | 1      | 100%           | Fósturskóli Íslands                            |
| Leikskólakennarar                               | 4      | 350%           | Leiksólakennaranám                             |
| BS í sálfræði                                   | 1      | 100%           | Háskólanám                                     |
| Þroskaþjálfari                                  | 1      | 100%           | Þroskaþjálfanám                                |
| Leikskólaliðar                                  | 2      | 200%           | Leikskólaliðabréf                              |
| Starfsmenn með menntun á framhaldsskólastigi    | 4      | 400%           | Stúdentspróf<br>Snyrtifræðingur<br>Matartæknir |
| Yfirmaður í eldhúsi                             | 1      | 100%           | Kokkur                                         |
| Aðstoð í eldhúsi                                | 1      | 50%            | Grunnskólapróf                                 |
| Starfsmenn með háskólapróf án uppeldismenntunar | 2      | 100%<br>50%    | Hagfræðingur<br>Verkfræðingur                  |
| Starfsmenn án framhaldsskóla-menntunar          | 10     | 1000%          | Grunnskólapróf                                 |
| Starfsmenn og föst afleysing                    | 1      | 70%            | Framhaldsskólanemi                             |
|                                                 |        |                |                                                |

### 7.2 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl tókst ekki að framkvæma síðastliðið skólaár en þau hafa verið sett á dagskrá á næsta skólaári. Leikskólastjóri mun taka starfsmannasamtöl við alla starfsmenn leikskólans í janúar og febrúar næsta skólaár. Starfsmenn fá tíma til að undirbúa sig fyrir samtalið.

### 7.3 Starfsþróunaráætlun

Starfsmenn fara á námskeið og fyrirlestra eftir því sem hægt er hverju sinni. Allir starfsmenn leikskólans sækja ráðstefnu á vegum SSSK sem haldin er í mars ár hvert. Þar eru skemmtilegir og fræðandi fyrirlestrar sem starfsfólk nýtir sér síðan í starfinu.

Leikskólinn Vinaminni tekur þátt í læsisstefnu leikskóla og grunnskóla í Breiðholti sem hrundið var af stað vorið 2015. Stýrihópsfundir eru haldnir einu sinni í mánuði en þar sitja fulltrúar frá hverjum skóla auk fulltrúa frá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Þar er skoðað hvernig gengur í skólunum og hver eru næstu skref í verkefninu. Á hverjum deildar-, starfsmanna- og fagfundi verður farið yfir það hvernig gengur, hvað er næst á dagskrá og hvaða hugmyndir höfum við til að efla starfið enn frekar. Leikskólastjóri og deildarstjórar sameina krafta sína og verða með kynningar fyrir starfsmenn leikskólans um þetta mikilvæga efni og hver verða næstu skref í starfinu.

Á síðasta skólaári fóru starfsmenn á eftirtalin námskeið og ráðstefnur:

- Námskeið „Lubbi finnur málbein“ allt starfsfólk skólans
- Allir deildarstjórar fóru á ráðstefnu SSSK.
- Leikskólastjóri, deildarstjóri og stuðningsaðili fóru á námskeið hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins: Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik.
- PECE sérkennsluráðgjafi frá Þjónustumiðstöð Breiðholts kom og kynnti vinnu með PECE fyrir deildarstjóra og stuðningsaðila á Völusteini.
- Elmar Hallgrímsson kom á skipulagsdegi og hélt fyrirlestur um samskipti og sjálfstraust.

Á skipulagsdögum skipta leikskólakennararnir með sér verkum og flytja erindi fyrir starfsfólkið um það sem skiptir mestu máli hverju sinni í starfinu í leikskólanum. Aldrei er góð vísa of oft kveðin og þegar nýtt starfsfólk kemur til starfa í leikskólanum er mjög mikilvægt að byrja á grunninum og fara yfir markmið leikskólans og leiðir að þeim. Mikilvægt er að fara yfir samskipti hinna fullorðnu við börnin í leikskólanum, mikilvægi leiksins, hópastarfið, vísdomsstundirnar, valið og svona mætti lengi telja.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er farið yfir markmið og leiðir í starfinu með börnunum. Rætt er um mikilvægi þess að tala af virðingu við börnin, mikilvægi góðs foreldrasamstarfs og að við störfum barnanna vegna í leikskólanum. Starfsmenn fylla út ráðningarsamning og undirrita þagnarheit um að ýrustru þagmælsku skuli gætt um hagi barna og foreldra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls. Reynslutími starfsmanna er einn til þrír mánuðir.

Í öllu starfi í leikskóla er starfsmannahópurinn mikilvægasta aflið. Starfsmannahópurinn þarf að vinna markvisst að þeim sameiginlegu markmiðum sem leikskólinn hefur sett sér. Leikskólakennararnir leiðbeina starfsfólki á jákvæðan og viðurkennandi hátt þannig að það eflist og fái notið sín í starfi. Leikskólakennarar miðla af reynslu sinni til starfsfólks og kenna því fagleg vinnubrögð. Hver starfsmaður verður að fá að spreyta sig í starfi og leyfilegt er að gera lítilsháttar mistök. Af mistökunum lærum við. Forðast ber neikvæða gagnrýni og benda frekar á það sem vel er gert. Hér er átt við markvissa, jákvæða og uppbyggilega gagnrýni sem beinist að því að efla starfsemina og vinna í lausnum. Öll samskipti, bæði barna og fullorðinna, skapa forsendur fyrir frekari þroska viðkomandi aðila.

Markmið:

- *Að hver og einn starfsmaður njóti sín í starfi*
- *Að stuðla að því að hver og einn starfsmaður fái að rækta sína sérhæfileika og sérþekkingu og efla þar með þroska sinn og sjálfstraust innan starfsmannahópsins og í starfi sínu með börnunum*
- *Að hvetja starfsfólk til að koma með eigin hugmyndir og gera því kleift að skipuleggja og framkvæma þær*
- *Efla samskiptin milli starfsfólksins*

## 8 Aðrar upplýsingar

### 8.1 Barnahópurinn

- **Barnafjöldi og kynjahlutfall**

Skólaárið 2017-2018 var barnafjöldi í leikskólanum sem hér segir:

Drengir fæddir 2012 voru 5

Stúlkur fæddar 2012 voru 6

Drengir fæddir 2013 voru 3

Stúlkur fæddar 2013 voru 5

Drengir fæddir 2014 voru 5


Stúlkur fæddar 2014 voru 7

Drengir fæddir 2015 voru 14

Stúlkur fæddar 2015 voru 12

Drengir fæddir 2016 voru 17

Stúlkur fæddar 2016 voru 12



- **Dvalarstundir**

Öll börn leikskólans dvelja í átta til átta og hálfan tíma á dag í skólanum.

- **Fjöldi barna sem njóta sérkennslu**

Í Vinaminni voru fjögur börn sem nutu sérkennslu.

- **Fjöldi barna af erlendum uppruna**

Börn af erlendum uppruna í skólanum þ.e. börn sem eiga báða eða annað foreldri af erlendu bergi borin voru alls ellefu.

### 8.2 Foreldrasamvinna

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl barnsins í leikskólanum og góðri líðan þess. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og opnum samskiptum. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann og taka þátt í starfinu.

#### Markmið:

- Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- Að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum
- Að afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra
- Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans
- Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- Að skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna

- **Aðlögun**

Foreldrar eru boðaðir á fund í leikskólann áður en barnið byrjar í leikskólanum þar sem leikskólastjóri kynnir leikskólann og starfsemi hans fyrir foreldrum. Kynnt eru markmið og leiðir leikskólans, leiksvæði og starfsfólk. Foreldrar fá þá einnig upplýsingar um foreldrafélagið, foreldraráð og starfsemi þess og þeir veita þær upplýsingar um barnið sem nauðsynlegt er að starfsfólk leikskólans viti um.

Aðlögun barna fer þannig fram að leikskólakennari tekur á móti barninu og er með það í aðlögun þann tíma sem þarf til að barnið öðlist öryggi í leikskólanum. Fyrsti dagurinn er heimsókn þar sem barnið kemur með foreldri/foreldrum og dvelur aðeins í klukkustund. Síðan fer það eftir einstaklingunum hversu langan tíma aðlögunin tekur og hve lengi foreldrar þurfa að vera með barninu. Lögð er áhersla á að aðlögunin fari

rólega fram og barnið sé aldrei svo lengi í leikskólanum í einu að það verði órólegt og þreytt. Mikilvægt er að barnið fari ánægt heim á hverjum degi og hlakki til að koma í leikskólann næsta dag.

- **Morgunverður með foreldrum**

Foreldrum og börnum er boðið að borða saman morgunverð í leikskólanum á föstudagsmorgnum. Í boði er hafragrautur, brauð með ýmiss konar áleggi, kaffi og mjólk. Þetta er engin skylda en foreldrar geta komið þá föstudagsmorgna sem henta þeim. Morgunverðurinn er í boði frá kl. 07:30 til kl. 09:00. Það er gaman að segja frá því hvað þetta hefur fengið góðar undirtektir hjá foreldrum og starfsmönnum. Samskipti foreldra og starfsfólks hafa eflst mikið. Þetta er kærkominn vettvangur til að spjalla smá stund um daginn og veginn. Foreldrar kynnst öðrum foreldrum og segja má að í Vinaminni ríki afslappað andrúmsloft og trúnaðartraust milli starfsfólks og foreldra.

- **Óformleg dagleg samskipti**

Það gefst auðveldlega kostur á daglegum samskiptum við foreldra í leikskólanum. Foreldrar koma alltaf inn á deildina með barni sínu á morgnana, þá geta þeir rætt við deildarstjóra barnsins ef þeir þurfa að koma skilaboðum til hans um t.d. hvernig barnið svaf um nóttina eða annað sem foreldrum finnst mikilvægt að komist til skila til deildarstjórans. Foreldrar og starfsfólk spjalla saman þegar börnin eru sótt í skólann og þá geta foreldrar fengið vitneskju um hvernig dagurinn gekk hjá barninu. Þessi óformlegu daglegu samskipti eru nauðsynleg til að efla gott samstarf milli heimilis og leikskóla svo foreldrum og barni líði vel.

- **Foreldraviðtöl**

Foreldraviðtöl eru einu sinni til tvisvar á ári. Foreldrum barna, annarra en þeirra sem eru nýbyrjuð í skólanum, er boðið viðtal við deildarstjóra barns síns í október eða nóvember. Í febrúar eru allir foreldrar boðaðir í viðtal til deildarstjóra og foreldrar fá þá nána vitneskju um hvernig barnið stendur í alhliða þroska í leikskólanum. Hvernig líður barninu í barnahópnum, á það einhverja vini, hvernig er málþroskinn, vitsmunabroskinn, hreyfiproskinn o.s.frv. Hér fá foreldrar líka að vita hvaða viðfangsefni fanga barnið, hvað það velur á val tímanum, hvort fjölbreytni er í vali barnsins eða velur það oft sömu leiksvæði og sömu viðfangsefni. Auk þessara föstu viðtala geta foreldrar fengið viðtal við leikskólakennara síns barns eða leikskólastjóra eftir þörfum. Leikskólakennarar boða foreldra í viðtöl ef þörf er á.

- **Foreldrafélag**

Starfandi er mjög öflugt foreldrafélag í leikskólanum. Félagið stendur fyrir ýmsum viðburðum fyrir börnin, ýmist inni í leikskólanum eða utan hans.

**Markmið foreldrafélagsins eru:**

- *Að efla samskipti foreldra við skólann*
- *Að stuðla að fræðslu til foreldra*
- *Að veita stjórnendum skólans stuðning og aðhald við rekstur hans*
- *Að efla tengsl barna og foreldra*

- **Foreldraráð**

Foreldraráð skipa foreldrar úr foreldrafélaginu. Foreldraráð starfar fyrir foreldrafélagið og tekur ákvarðanir um þau mál sem snúa að foreldrum. Í foreldraráðinu starfa fimm fulltrúar foreldra og einn fulltrúi starfsmanna leikskólans. Kosið er í stjórn félagsins árlega á foreldrafundi að hausti.

- **Fundir foreldraráðsins**

Foreldraráðið heldur fundi 4 sinnum á ári og skipuleggur störf félagsins.

- **Vinaminnisblað – fréttabréf foreldrafélagsins**

Foreldraráðið gefur út fréttabréf fyrir foreldra með helstu upplýsingum um starfið í leikskólanum og hvað er á döfinni hjá foreldrafélaginu. Fréttabréfið kemur út á haustönn og vorönn ár hvert.

- **Ýmsir viðburðir á vegum foreldrafélagsins:**

**Leiksýningar:** Fastur liður í starfinu er að foreldrafélagið býður börnunum að sjá jóla-leiksýningu í desember í leikskólanum og aðra sýningu á miðri vorönn. Þetta kennir börnunum að meta menningu og listir auk þess sem þetta er yndisleg skemmtun fyrir börnin og brýtur upp daglega starfið í leikskólanum.

**Jólaball:** Jólaballið okkar er haldið í samvinnu við foreldrafélagið.

**Vorferð:** Á vorin fara börn, foreldrar og starfsfólk saman í sveitina og liggur leiðin oftast upp í Kjós þar sem dýrin stór og smá eru heimsótt við mikinn fögnuð barnanna. Þegar því er lokið eru grillaðar pylsur og allir skemmta sér vel.

**Sumarhátíð:** Í síðustu vikunni fyrir sumarfrí er haldin vegleg sumarhátíð í samvinnu við leikskólann. Garðurinn er skreyttur með blöðrum og veifum sem börnin hafa útbúið. Börnin syngja fyrir foreldra og gesti og Íslenski sirkusinn skemmtir. Börn, foreldrar og starfsfólk skemmta sér saman hluta úr degi fyrir sumarfríð, leika, spjalla og borða grillaðar pylsur og kjúkling.

### 8.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- **Heimsóknir fimm ára gömlu barnanna í Íþróttahús Fellaskóla**

Skólaárið 2003-2004 var leikskólunum í Fellahverfi boðið að eiga fasta stund í Íþróttahúsi Fellaskóla einu sinni í viku fyrir elstu börnin. Er þetta frábært framtak og stór liður í að brúa bilið milli leikskólans og grunnskólans. Þarna kynnast leikskólabörnin húsakynnum Íþróttahússins læra að umgangast búningasklefann, þjálfast í að fara í Íþróttaföt og bera ábyrgð á fatnaði sínum og eigum. Þarna kynnast elstu börnin í leikskólum hverfisins og verða öruggari að hefja nám í grunnskólanum að ári.

Því miður komum við þessum heimsóknum ekki inn í stundartöfluna okkar síðastliðið skólaár þó svo að sveigjanleiki sé í starfi leikskólans en tíminn sem bauðst í Íþróttahúsinu hentaði alls ekki en hann var í hádeginu.

### 8.4 Almennar upplýsingar

- **Skipulagsdagar**

Skipulagsdagar eru tveir virkir dagar og er leikskólinn þá lokaður. Aðrir skipulagsdagar eru fyrir utan hefðbundinn vinnutíma. Skipulagsdagar eru auglýstir með góðum fyrirvara.

- **Leikskóladagatal**

Meðfylgjandi er leikskóladagatal fyrir skólaárið 2018-2019.

- **Leikskólagjöldin**

Leikskólagjöldin eru greidd fyrir fram og er gjalddagi 1. hvers mánaðar.

- **Uppsagnarfrestur**

Ef foreldrar segja upp leikskólaplássi fyrir barn sitt er uppsagnarfrestur einn mánuður og skal uppsögnin miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.

- **Sumarleyfi**

Leikskólinn er lokaður í einn mánuð á sumrin vegna sumarleyfa.

- **Aðfangadagur, gamlársdagur**

Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársdag.

- **Fjarvistir barna**

Mikilvægt er að foreldrar tilkynni alltaf ef barnið mætir ekki í leikskólann hvort sem um veikindi eða annað er að ræða.

- **Lyfjagjöf**

Ef barn þarf að taka lyf er nauðsynlegt að haga lyfjagjöf þannig að lyfin séu gefin heima en ekki í leikskólanum nema um astmalyf eða bráðaofnæmislyf sé að ræða.

## **9 Lokaorð**

Í starfsáætluninni kemur fram endurmat skólastarfsins skólaárið 2017-2018 og þær umbætur og áherslur sem voru gerðar á skólastarfinu fyrir árið 2018-2019 markmið og leiðir. Þegar skólastarf leikskólabarna er skipulagt þarf að hafa í huga hvernig uppeldisumhverfi barnanna er þannig að það örvi þau til dáða í þekkingarleit sinni og að fjölbreytileiki sé í verkefnavali þeirra. Starfsmennirnir eru sterkasta aflið í skólastarfinu og mikilvægt að allir séu meðvitaðir um að hjálpast að og vinna saman að velferð og menntun leikskólabarnanna. Í leikskólanum þarf að ríkja gleði, virðing og traust til að bæði börnum og starfsmönnum líði vel og geti þroskast áfram í leik og starfi. Foreldrasamstarf er mjög mikilvægur þáttur í starfsemi leikskóla og er það öflugt í Vinaminni. Leikskólastarfið er nú komið í nokkuð fastar skorður og hentar börnunum vel, einnig veitir það starfsfólki aukið öruggi og vellíðan í starfi. Vonandi gefur þessi starfsáætlun skýra mynd af starfi okkar í Vinaminni en nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu leikskóla.

Með kærri kveðju

---

Sólveig Einarasdóttir  
Leikskólastjóri

# Skóladagatal 2018-2019

Leikskólinn Vinaminni Asparfelli 10



Leikurinn á visdóm veit

|    | Ágúst          |    | September      |    | Október         |    | Nóvember      |    | Desember      |    | Janúar          |    | Febrúar        |    | Mars          |    | Apríl          |    | Maí           |    | Júní            |    | Júlí     |
|----|----------------|----|----------------|----|-----------------|----|---------------|----|---------------|----|-----------------|----|----------------|----|---------------|----|----------------|----|---------------|----|-----------------|----|----------|
| 1  |                | 1  |                | 1  | úti ke. Hefst   | 1  | byrja jólag.  | 1  | fullveldisd.  | 1  | Nýársd.         | 1  |                | 1  |               | 1  | gulir dagar    | 1  | Verkalýðsd    | 1  |                 | 1  |          |
| 2  |                | 2  |                | 2  | tónleikar Hörg  | 2  |               | 2  | 1.sunnud.íaðv | 2  |                 | 2  |                | 2  |               | 2  |                | 2  |               | 2  |                 | 2  |          |
| 3  |                | 3  |                | 3  | forf. Dverga    | 3  |               | 3  | rauð vika     | 3  |                 | 3  |                | 3  |               | 3  |                | 3  |               | 3  | d.stj.sk.vs.201 | 3  |          |
| 4  |                | 4  |                | 4  | forf. Álfar     | 4  |               | 4  |               | 4  |                 | 4  |                | 4  | bolludagur    | 4  |                | 4  |               | 4  |                 | 4  |          |
| 5  |                | 5  |                | 5  |                 | 5  | deildarfundir | 5  | Kirkjuferð    | 5  |                 | 5  |                | 5  | sprengid      | 5  | deildarf       | 5  |               | 5  | fagfundur       | 5  | Sumarfrí |
| 6  | fríd. Versluna | 6  | vís d.setn     | 6  |                 | 6  |               | 6  |               | 6  |                 | 6  | d. Leikskóla   | 6  | öskudagur     | 6  |                | 6  | fagfundur     | 6  |                 | 6  |          |
| 7  |                | 7  |                | 7  |                 | 7  |               | 7  | deildarfundir | 7  | fagfundur       | 7  |                | 7  |               | 7  |                | 7  | endurmat vet  | 7  |                 | 7  |          |
| 8  | skipulagsd.    | 8  |                | 8  | deildarfundir   | 8  |               | 8  |               | 8  |                 | 8  | deildarf       | 8  | deildarfundir | 8  |                | 8  | þessa viku    | 8  |                 | 8  |          |
| 9  | börn in mæta   | 9  |                | 9  |                 | 9  |               | 9  |               | 9  |                 | 9  |                | 9  |               | 9  |                | 9  |               | 9  |                 | 9  |          |
| 10 |                | 10 | deildarfundir  | 10 |                 | 10 |               | 10 | bakstursd.    | 10 |                 | 10 |                | 10 |               | 10 |                | 10 | sveitaferð    | 10 | Húsd.garð       | 10 |          |
| 11 |                | 11 |                | 11 |                 | 11 |               | 11 | jólahúfudagur | 11 | deildarf.       | 11 |                | 11 |               | 11 | mottudagur     | 11 |               | 11 | Húsd.garð       | 11 |          |
| 12 |                | 12 |                | 12 |                 | 12 |               | 12 |               | 12 |                 | 12 | tannverndarv   | 12 |               | 12 |                | 12 |               | 12 | Húsd.garð       | 12 |          |
| 13 | aðlögun hefst  | 13 | hópast byrjar  | 13 |                 | 13 |               | 13 |               | 13 | Þrettándinn     | 13 |                | 13 |               | 13 |                | 13 | Húsd.garð     | 13 | Húsd.garð       | 13 |          |
| 14 |                | 14 | samval byrjar  | 14 |                 | 14 |               | 14 | Jólaballið    | 14 | vik.hatta.g.    | 14 |                | 14 |               | 14 |                | 14 |               | 14 |                 | 14 |          |
| 15 |                | 15 |                | 15 |                 | 15 |               | 15 |               | 15 |                 | 15 |                | 15 | Skipulagsd.   | 15 | fagfundur      | 15 |               | 15 |                 | 15 |          |
| 16 |                | 16 |                | 16 |                 | 16 | D. Ísl tungu  | 16 |               | 16 |                 | 16 |                | 16 |               | 16 |                | 16 |               | 16 |                 | 16 |          |
| 17 |                | 17 | fagfundur      | 17 | starfsm.f.      | 17 |               | 17 |               | 17 |                 | 17 |                | 17 |               | 17 |                | 17 |               | 17 | Hvítasunna      | 17 |          |
| 18 |                | 18 |                | 18 |                 | 18 |               | 18 |               | 18 | Bóna/þorrat     | 18 | sleðaferð e.d. | 18 |               | 18 | Skírdagur      | 18 | opið hús      | 18 | annar í hvítas  | 18 |          |
| 19 |                | 19 |                | 19 |                 | 19 |               | 19 | fagfundur     | 19 |                 | 19 |                | 19 |               | 19 | föstud.langi   | 19 |               | 19 | fagfundur       | 19 |          |
| 20 | íPróttadagar   | 20 | slökkvil.      | 20 |                 | 20 |               | 20 |               | 20 |                 | 20 |                | 20 | fagfundur     | 20 |                | 20 | grænir dagar  | 20 | Hjólad.         | 20 |          |
| 21 |                | 21 | námsk. S,P     | 21 |                 | 21 |               | 21 | vetrarsólst.  | 21 |                 | 21 |                | 21 |               | 21 | Páskad.        | 21 |               | 21 | Sumarhátíð      | 21 |          |
| 22 |                | 22 |                | 22 | eftirl. í heims | 22 |               | 22 |               | 22 |                 | 22 |                | 22 |               | 22 | annar í páskur | 22 | fagfundur     | 22 |                 | 22 |          |
| 23 |                | 23 |                | 23 |                 | 23 | fagfundur     | 23 |               | 23 | fyrirl. Forfél. | 23 |                | 23 |               | 23 | sinfóniut. Har | 23 |               | 23 |                 | 23 |          |
| 24 |                | 24 |                | 24 |                 | 24 |               | 24 | Aðfangad      | 24 |                 | 24 |                | 24 |               | 24 | fagfundur      | 24 | e.b.sofa      | 24 |                 | 24 |          |
| 25 |                | 25 | forf. Töfrast  | 25 |                 | 25 |               | 25 | Jóladagur     | 25 |                 | 25 | fagfundur      | 25 | deildarf.     | 25 | sumard.fyrsti  | 25 | útskrift e.b  | 25 | Lýðveldisd      | 25 |          |
| 26 |                | 26 | forf. Völust.  | 26 |                 | 26 |               | 26 | Annar íjólum  | 26 |                 | 26 | Ráðst. SSSK    | 26 |               | 26 |                | 26 |               | 26 | Hjólad.         | 26 |          |
| 27 |                | 27 | d.skólast.sssk | 27 | alþjóðl. Bangs  | 27 |               | 27 |               | 27 |                 | 27 |                | 27 | Leiks. Forfél | 27 |                | 27 | útíkennsla    | 27 | Hjólad.         | 27 |          |
| 28 | heims. Húsdg   | 28 |                | 28 | 1. vetrard 27.  | 28 |               | 28 |               | 28 | fagfundur       | 28 |                | 28 |               | 28 |                | 28 | Hjólad.       | 28 |                 | 28 |          |
| 29 |                | 29 |                | 29 | fagfundur       | 29 | Jólaleikrit   | 29 |               | 29 |                 |    |                | 29 |               | 29 | deildarf       | 29 |               | 29 |                 | 29 |          |
| 30 |                | 30 |                | 30 | bleikkur dagur  | 30 | B,b. aðventuk | 30 |               | 30 |                 |    |                | 30 |               | 30 |                | 30 | uppstigningar | 30 |                 | 30 |          |
| 31 |                |    |                | 31 |                 |    |               | 31 | Gamlársdagur  | 31 |                 |    |                | 31 |               |    |                | 31 |               |    |                 | 31 |          |

Dagsetningar geta tekið breytingum vegna óviðráðanlegra aðstæðna, enda er skipulagið gert langt fram í tímann

elstu börnin í Vinaminni fara í útíkennslu í júní, ekki er ákveðið hvert er farið hvaða dag fyrr en í vor þegar byrjað er að taka við þöntunum fyrir heimsóknir þöntunum.



Hæhæ Sólveig, hér kemur mín umsögn um áætlunina.

Mér fannst áætlunin ótrúlega greinargóð og ítarleg. Mér fannst mjög fróðlegt að lesa um innra mat leikskólans, það virðist mjög gott.

Gaman var að lesa um góða starfsandann á liðnu skólaári, sem smitaðist út til barnanna. Ég hef sjálf tekið eftir góðum anda á Vinaminni, það finnst mér mjög jákvætt. Einnig er ég sammála því að verkefnavalið á deildunum henti aldri barnanna vel, sem er mikill kostur. Mér fannst áhugavert að lesa um daglegu dagskránnar á Vinaminni og mér finnst t.d. alstundin mjög sniðugt fyrirbæri og ótrúlega gott að börnin geti stundum farið á milli deilda. Ég er persónulega ótrúlega ánægð með fjölda söngstunda á Vinaminni, finn að dóttir mín er farin að kunna mjög marga texta og er glöð í bragði þegar sungið er. Mér finnst mjög jákvætt hversu ítarlega er horft til sérkennslu og hversu ítarlegur verkferill er í kringum það ferli.

Ég er sammála kaflanum um jákvæðan aga, ramma og virðingu og finnst mér þessi setning mjög góð : „Samræður við börnin, virðing og jákvæður agi er undirstaða þess að þeim líði vel, að þau finni til öryggis og finni að þau eru mikilvægar persónur sem hafa rétt á að koma sínum málum á framfæri og þau finni að hlustað sé á þau". Einnig er lögð áhersla á að koma til móts við þarfir hvers og eins barns, þetta tel ég vera gert á Vinaminni :)

Mér finnst markmiðin og leiðirnar til að ná þeim, mjög ítarlega framsett og góð í starfsáætluninni, sem ég held að hjálpi til að þeim verði framfylgt og náð. Að lokum finnst mér foreldramorgnarnir yfir morgunmatnum góða algjör snilld! :)

mbk. Vala Rut Friðriksdóttir

## Umsögn um starfsáætlun veturinn 2018-2019

Á leikskólanum Vinaminni er unnið fjölbreytt og metnaðarfullt starf. Mikill ánægða ríkti með síðasta skólaár bæði hjá starfsfólki og foreldrum og því verður skólaárið 2018-2019 með sama sniði með smá umbótum. Innra mat leikskólans er ítarlegt og starfsáætlunin öll til fyrirmyndar.

Starfsfólk sýndi mikinn metnað í starfi og nutu börnin góðs af. Börnin fá að njóta sín sem sjálfstæðir einstaklingar sem er samstundis haldið vel utan um. Lögð er áhersla á jákvæðan aga og virðingu ásamt því að hafa ákveðin ramma sem veitir börnunum öryggi. Börnin fá viðfangsefni sem henta sínum aldri og þroska og er skipulagið til fyrirmyndar. Mikið er unnið með val, hópastarf, einingakubba, myndlist og hreyfingu þar sem börnin fá að njóta sín inni sem úti.

Vel er fylgst með málproska barna og er hann örvaður með samverustundum, söng og lestri ásamt því að starfsfólk er meðvitað um að tala við börnin á öllum aldri. Sérkennslan í Vinaminni er til fyrirmyndar og vel er tekið á sérþörfum barna og starfið aðlaðað þeim. Allir fá að vera hluti af heildinni.

Ása Jacobsen

Starfsáætlun leikskólans Vinaminnis endurspeglar starf skólans á frábæran hátt. Starfsfólk leikskólans vinnur virkilega flott og öflugt starf með börnunum sem er í takt við starfsáætlunina. Læsi í leik sýnir sig virkilega vel hjá börnum sem útskrifast úr leikskólanum og eru allt í einu orðin læs án þess jafnvel að átta sig á því sjálf. Allur útbúnaður á leikskólanum er til fyrirmyndar og valkerfið sem nýtt er frá því börnin eru mjög ung kennir þeim mikið um sjálfstæða hugsun. Vísdomsstundirnar eru ótrúlega flottar og skila börnunum mjög tilbúnum upp á næsta skólastig. Leikskólinn tekur vel á móti hverju einasta barni á þann hátt að öllum börnum getur fundist það einstakt og fellur ekki í skugga annarra barna.

kv.

Tinna Ósk Þorvaldsdóttir

Ég er búin að lesa hana yfir og leist mjög vel á. Fannst vera farið vel yfir starf hverra deildar. Skín í gegn að börnin eru nr. 1, 2 og 3.

Tók eftir því að skrifað var að Karíus og Baktus hefðu komið á sumarhátíðina en Sirkus Íslands kom í staðinn fyrir þá.

Bkv. Berglind Jónsd.